



ÁRSSKÝRSLA 2013



Stofnun
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
Stjórn og starfsmenn	1
Starfssvið og hlutverk.	3
Ráðstefnur	5
Málþing	10
Fyrirlestrar	18
Útgáfa fræðirita	20
Þýðingaverk starfsmanna SVF.	21
Alþjóðlegt samstarf	22
Fyrsta doktorsvörnin við Deild erlendra tungumála, málvísinda og bókmennta	25
Aðrir viðburðir	26
Styrkir	30
Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar	32
Vigdísarstofnun hlýtur viðurkenningu UNESCO	33
Samstarfssamningurinn	35
Rannsóknir SVF og framtíðarstarfsemi Vigdísarstofnunar	36
Starfsfólk	41
Miðlun rannsókna	53

For the English summary of the activity report of Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages, please consult http://vigdis.hi.is/en/activity_reports

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir.

Mynd á forsíðu: Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, undirritar samninginn. Henni til hægri handar er Hans d’Orville aðstoðarframkvæmdastjóri. Við hlið Vigdísar stendur Berglind Ásgeirsdóttir sendiherra.

Prentun: Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja.

INNGANGUR

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF) er rannsóknastofnun á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Við stofnunina eru stundaðar rannsóknir á þeim 13 tungumálum, sem eru kennd við skólann, ásamt bókmenntum og menningu viðkomandi málsvæða. Önnur meginfræðasvið eru þýðingar, samanburðarmálvísindi, tungumálanám, samskipti á erlendum tungum og erlend tungumál og menning á Íslandi í sögu og samtíð. Árið 2013 var tólfta starfsár Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og hefur starfsemin verið þróttmikil og fjölbreytt eins og þessi ársskýrsla er til vitnis um. Stofnunin hefur staðið fyrir fjölda viðburða í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og vísindastofnanir og að venju hefur verið lögð áhersla á að koma rannsóknum á framfæri á ráðstefnum og málþingum og með fyrirlestrahaldi og útgáfu fræðirita.

Á árinu bar hæst undirritun samnings um að Vigdísarstofnun – miðstöð tungumála og menningar skuli starfa undir merkjum UNESCO – Menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna en miðstöðin verður starfrækt innan vébanda SVF og verður til húsa í nýbyggingu sem mun rísa á lóð Háskólans á næstunni.

Fjöldmargir hafa styrkt starfsemi stofnunarinnar og verkefni á hennar vegum með beinum eða óbeinum hætti og auk þess hafa starfsmenn hennar hlotið umtalsverða styrki til rannsókna úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Sem endranær hefur frú Vigdís Finnbogadóttir lagt stofnuninni ómetanlegt lið með störfum sínum.

STJÓRN OG STARFSMENN

Á árinu 2013 störfuðu 40 fræðimenn við stofnunina, auk verkefnisstjóra.


Stjórn stofnunarinnar skipa þau Auður Hauksdóttir, formaður, Ásdís R. Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Rebekka Þráinsdóttir og Ingibjörg Þórisdóttir doktorsnemi í bókmenntum, tilnefnd af Félagi doktorsnema, en hún tók við af Aleksöndru Mariu Cieslinka, doktorsnema í þýðingafræðum, um mitt ár. Sigurður Pétursson og Oddný G. Sverrisdóttir voru varamenn. Auk stjórnarformennsku, gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns. Stjórnin kom saman fimm sinnum á árinu.

Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur, Erlu Erlendsdóttur og Rebekku Þráinsdóttur.

Guðrún Kristinsdóttir gegndi starfi verkefnisstjóra.

Irma Erlingsdóttir hlaut framgang í stöðu dósents í frönskum bókmenntum á árinu, Kristín Guðrún Jónsdóttir var ráðin í stöðu lektors í spænsku og Þórhallur Eypórsson var ráðinn í stöðu dósents í enskum málvísindum.

Nýir starfsmenn við stofnunina eru þær Pernille Folkmann, lektor í dönsku máli, Ásrún Jóhannsdóttir, aðjunkt í ensku, og Hulda Kristín Jónsdóttir, aðjunkt í ensku.



DANSKA

DANSKA

FRANSKA

ENSKA

FRANSKA

ENSKA

SPÆNSKA

TUNGUMÁLA-
MÍÐSTÖÐ

Annette
Hejsted
lektor

Auður
Hauksdóttir
dósent

Ásdís R.
Magnúsdóttir
prófessor


Ásrún
Jóhannsdóttir
aðjunkt

Ásta
Ingibjartsdóttir
aðjunkt

Birna
Arnbjörnsdóttir
prófessor

Erla
Erlendsdóttir
dósent

Eyjólfur M.
Sigurðsson
deildarstjóri



FRANSKA

GRÍSKA/LATÍNA

NORSKA

ENSKA

DANSKA

SVF

JAPANSKA

MENNTUNARFRÆÐI

François
Heenen
aðjunkt

Geir Þ.
Þórarinnsson
aðjunkt

Gro Tove
Sandmark
sendikennari


Guðrún Björk
Guðsteinsdóttir
prófessor

Guðrún
Haraldsdóttir
verkefnisstjóri

Guðrún
Kristinsdóttir
verkefnisstjóri

Gunnella
Þorgeirsdóttir
aðjunkt

Hafís
Ingvarsdóttir
prófessor



SPÆNSKA

ENSKA

ENSKA

FRANSKA

ÞÝSKA

KÍNVERSKA

ENSKA

SPÆNSKA

Hólmfríður
Garðarsdóttir
prófessor

Hulda Kristín
Jónsdóttir
aðjunkt

Ingibjörg
Ágústsdóttir
lektor

Irma
Erlingsdóttir
dósent

Jessica
Guse
sendikennari

Jia
Yucheng
sendikennari

Julian Meldon
D'Arcy
prófessor

Kristín G.
Jónsdóttir
lektor



SÆNSKA

KÍNVERSKA

KONFÚSÍUSAR-
STOFNUN

ENSKA

ÞÝSKA

ENSKA

ÍTALSKA

ÞÝSKA

Lars-Göran
Johansson
sendikennari

Liu
Kailiang
sendikennari

Magnús
Björnsson
forstöðumaður

Magnús
Fjalldal
prófessor

Magnús
Sigurðsson
aðjunkt

Martin
Regal
dósent

Michele
Broccia
sendikennari

Oddný G.
Sverrisdóttir
prófessor



DANSKA

DANSKA

RÚSSNESKA

GRÍSKA/LATÍNA

ÍTALSKA

DANSKA

KÍNVERSKA

ENSKA

Pernille
Folkman
lektor

Randi B.
Brodersen
lektor

Rebekka
Þráinsdóttir
aðjunkt

Sigurður
Pétursson
lektor

Stefano
Rosatti
aðjunkt

Susanne A.
Elgum
aðjunkt

Wang
Xia
sendikennari

Þórhallur
Eyþórsson
dósent



DANSKA

ÞÝÐINGAFRÆÐI

KÍNVERSKA

Þórhildur
Oddsdóttir
aðjunkt

STARFSMENN
MED AUKAABILD

Gauti
Kristmannsson
prófessor

Geir
Sigurðsson
dósent

STARFSSVIÐ OG HLUTVERK

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er aðildarstofnun Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknaveitvangur kennara í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum en helstu rannsóknasviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, máltaka, orðaforði, hljóðfræði, annarsmálsfræði og orðabókarfræði.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða, t.d. enskar, fransk-ar, þýskar, rússneskar og asískar bókmenntir, sem og bókmenntir spænsku-mælandi landa og Norðurlandabókmenntir.
- Menningarfræði í tengslum við ákveðin málsvæði og í samanburði milli málsvæða í sögu og samtíð.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra m.a. í atvinnulífi.
- Kennsla erlendra tungumála og þróun kennslugagna.
- Þýðingar, jafnt bókmennta- sem nytjaþýðingar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á að vekja fólk til vitundar um að fjölmenningarleg viðhorf og þekking á öðrum þjóðum og tungumálum feli í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þekkingu og færni sem tekur mið af sívaxandi samskiptum á öllum sviðum og einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki sem hafa á að skipa einstaklingum, sem búa yfir góðri tungumálakunnáttu og menningarinsæi, eru betur í stakk búin til að takast á við áskoranir á alþjóðavettvangi en ella. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á eðli máltileinkunar og gildi tungumálakunnáttu og menningar á öllum sviðum mannlífs og þjóðlífs. Lögð er sérstök áhersla á miðlun upplýsinga um nýja þekkingu á eðli tungumálanáms og nýjungar í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum, enda er það markmið stofnunarinnar að styðja kennslu í erlendum tungumálum og byggja upp öflugar rannsóknir á því sviði.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um erlend tungumál, bókmenntir og menningu, tungumálanám og samskipti á erlendum tungum. Þetta hlutverk sitt rækir stofnunin með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi, útgáfu fræðiritra og þróun námsefnis og annarra gagna sem geta auðveldað tungumálanám og tjáskipti á erlendum tungum. Stofnunin gefur út tímaritið *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu* sem kemur út einu sinni á ári og fjallar um rannsóknir á fræðasviðum SVF. Stofnunin tekur þátt í fjölmörgum þróunar- og rannsóknaverkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Stofnunin fær árlegt framlag frá Háskóla Íslands en auk þess hafa fyrirtæki og stofnanir styrkt starfsemi SVF. Eins og fram kemur hér á eftir hafa ýmsir rannsókn- og menningarsjóðir veitt styrki til að hringa einstökum verkefnum í framkvæmd. Þá hafa starfsmenn hlotið styrki úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum til rannsókna sinna. Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hefur það að markmiði að stuðla að

vexti og viðgangi stofnunarinnar. Nánari upplýsingar um styrktarsjóðinn má finna síðar í skýrslunni.

Auk þess að standa fyrir málþingum og fyrirlestraröðum, var stofnunin aðili að þremur alþjóðlegum ráðstefnum á árinu. Á ráðstefnunni campUSCulturae var fjallað um barnabókmenntir og barnamenningu minnihlutahópa. Haldin var ráðstefna norrænna sérfræðinga í ítölskum fræðum og loks stóð stofnunin að alþjóðlegri ráðstefnu á sviði erfðarmála.

Evrópski tungumáladagurinn var að venju haldinn hátíðlegur þann 26. september, eins og svo oft áður í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi. Þessir aðilar stóðu fyrir fjölbreyttri dagskrá undir yfirskriftinni „Tungumálakennsla í takt við tímann“.

Fyrsta doktorsvörnin við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda fór fram þann 27. september þegar Anna Jeeves varði doktorsritgerð sína „Relevance and the L2 Self in the Context of Icelandic Secondary School Learners: Learner Views“, eða „Gildi og tungumálasjálfi íslenskra framhaldsskólanemenda: Viðhorf nemenda.“ Leiðbeinandi Önnu Jeeves í doktorsnáminu var Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.

Nánar verður greint frá helstu viðburðum í starfsemi stofnunarinnar á árinu hér á eftir.



Stjórn SVF, frá vinstri: Birna Arnbjörnsdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir, Ingibjörg Þórisdóttir, Rebekka Þráinsdóttir og Auður Hauksdóttir formaður.

RÁÐSTEFNUR

Á árinu stóð stofnunin fyrir þremur alþjóðlegum ráðstefnum í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og stofnanir.

campUSCulturae: Alþjóðleg ráðstefna um barnabókmenntir og menningu minnihlutahópa

Dagana 24.-25. apríl efndi stofnunin til ráðstefnu um barnabókmenntir og menningu minnihlutahópa í samvinnu við evrópska samstarfsnetið campUSCulturae og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Ráðstefnan fór fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.



Á Norðurlöndunum, sem og annars staðar í heiminum, tilheyra mörg börn ólíkum menningar- og minnihlutahópum hvað varðar tungumál, kynferði, litarhátt og uppruna. Þessi börn eiga það sameiginlegt að búa við tvískipta menningarlega sjálfsmynd, aðra innan vébanda fjölskyldunnar og hina úti í samfélaginu. Viðfangsefni ráðstefnunnar var að skoða hvernig menning þessara minnihlutahópa birtist í bókmenntum og barnamenningu.

Gro Tove Sandmark
fundarstjóri,
Annemette Hejlssted,
lektor í dönskum
bókmenntum, og
Gunnstein Akselberg,
prófessor við
Björgvinjarháskóla.

Annars vegar var fjallað um barnabókmenntir og menningu minnihlutahópa andspænis alþjóðlegri fjöldamenningu fyrir börn og hins vegar um sögu minnihlutahópa eins og hún birtist í barnabókum og barnamenningu. Á ráðstefnunni var einnig sýnd stuttmyndin *Skylappjenta (Little Miss Eyeflap)*. Iram Haq, sem leikstýrði myndinni, var viðstödd sýninguna og kynnti hana í stuttu máli.

Aðalfyrirlesarar voru:

- John Stephens, fv. prófessor við Macquarie University í Ástralíu: „Space and Subjectivity: Mapping the Minority Child in Some Films from Asia“.
- Turið Sigurðardóttir, prófessor við Fróðskaparsetur Færeyja: „Once Upon a Time There Was No Burger King ... Strategies and Trends of Minor Children's Literature in Times of Globalization. The Faroes as Example“.
- Vuokko Hirvonen, prófessor við Sámi-háskólann í Guovdageaidnu í Lapplandi í Noregi: „Sámi Children's Literature between Local and Global Culture“.

- Nina Christensen, forstöðumaður Barnabókasetursins við Árósaháskóla í Danmörku: „„strange world every where“: Defamiliarized Language and Individuals in Contemporary Danish Children’s Literature“.
- Helene Ehriander, dósent við Linnaeus-háskólann í Svíþjóð: „We or the Other? Photographical Picturebooks by Anna Riwkin and Astrid Lindgren“.
- Karin Langgård, dósent við Háskóla Grænlands: „Children’s Literature in Greenland“.
- Maria Österlund, dósent við Åbo Academy í Finnlandi: „Embracing Otherness in Contemporary Finno-Swedish Children’s Literature“.

Fyrirlesarar frá campUSCulturae-netinu voru:

- Xosé A. Neira Cruz, prófessor við Háskólann í Santiago de Compostela á Spáni: „campUSCulturae: An International Library on Cultural Minorities and Children’s Literature“.
- Sofiya Zahova, lektor við búlgörsku vísindaakademíuna: „Romani/Gypsy Children’s Literature: Past and Current Developments“.



Sofiya Zahova, lektor við búlgörsku vísindaakademíuna.

Aðrir fyrirlesarar:

- Jean Perrot, fv. prófessor við Université Paris-Nord: „The Kanak Identity in French Children’s Literature: Between Oral Culture and Globalization.“
- Karen Coats, prófessor við Illinois State University: „Between Fashion and Faith: Religious Identity in Young Adult Literature.“
- Anna Heiða Pálsdóttir, rithöfundur og stundakennari við Háskóla Íslands: „„The Truth“ as a Fantasy World: Growing up in a Minority Religion in a Minority Nation.“
- Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum nútímabókmenntum: „Children’s Literature of the First Generations of Icelandic Immigrants in Canada.“
- Kristin Ørjasæter, forstöðumaður Norsku barnabókastofnunarinnar: „Can Eyes Talk: The Unwelcome Voice of the Other.“
- Eivind Karlsson, lektor við Høgskolen i Oslo og Akershus: „Pearly Gates Ajar: Religious Motives Finding New Ways in Contemporary Children’s Literature.“
- Caoimhe Nic Lochlainn: „Translation Strategies in Irish Gaelic Children’s Literature.“
- Celia Abicalil Belmiro, prófessor við Universidade Federal de Minas Gerais í Brasilíu: „Children’s Literature, Minorities and Ethnic-Racial Relations.“
- Anne-Kari Skarðhamar, prófessor við Høgskolen i Oslo og Akershus: „The Representation of Anti-Semitism and Persecution of Jews in Norwegian Children’s Literature from 1950 and 2012.“
- Annemette Hejlsted, lektor við Háskóla Íslands: „Circus as a Minority Culture in Children’s Literature.“
- Randi Benedikte Brodersen, lektor við Háskóla Íslands: „Kropssprog, kønssprog og identitet i nordiske regnbuebørnebøger.“
- Gunnstein Akselberg, prófessor við Björgvinjarháskóla „Samisk kultur og identitet i samisk sakprosa for barn.“
- Deborah Stevenson: „Losing — and Finding — Ourselves in Books: American Children’s Literature Publishing and Minority Representations.“

Vigdís Finnbogadóttir setti ráðstefnuna en fundarstjórn var í höndum Gro Tove Sandsmark, sendikennara í norsku og fulltrúa SVF í campUSCulturae-samstarfsnetinu.

Ráðstefnan var styrkt af Evrópusambandinu, Norræna menningarsjóðnum, Samstarfsnefnd um Norðurlandakennslu erlendis og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

Veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar höfðu þær Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Gro Tove Sandsmark, sendikennari í norsku, Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum nútímabókmenntum, Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku, Helga Birgisdóttir, doktorsnemi í bókmenntafræði, og Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF.



Ástráður Eysteinnsson
prófessor. Stefano
Rosatti fundarstjóri.

Ráðstefna ítölskufraeðinga á Norðurlöndum

Ráðstefna norrænna sérfræðinga í ítölskum fræðum, sem haldin var í samvinnu við sendiráð Ítalíu í Osló, fór fram í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni dagana 13.-14. júní.

Aðalfyrirlesarar voru:

- Maurizio Dardano, fyrrverandi prófessor við Università degli Studi di Roma III: „La lingua italiana di oggi tra innovazione e conservazione.“
- Roberto Gigliucci, prófessor við Sapienza Università di Roma: „Triste, contemporaneo e finale.“

Aðrir fyrirlesarar voru háskólakennarar í ítölsku máli, bókmenntum og málvísindum á Norðurlöndunum. Fyrirlesarar frá SVF voru Sigurður Pétursson, lektor í grísku og latínu, Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku, og Michele Broccia, sendikennari í ítölsku.

Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, setti ráðstefnuna, en fundarstjórn var í höndum Stefanos Rosatti. Ráðstefnan var styrkt af sendiráði Ítalíu í Osló og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

Veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar höfðu þau Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku, Marco Gargiulo, dósent við Björgvinjarháskóla, Margareth Hagen, forseti hugvísindasviðs Björgvinjarháskóla, og Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF.

Alþjóðleg ráðstefna á sviði erfðarmála

Alþjóðleg ráðstefna á sviði erfðarmála (e. *heritage languages*) var haldin á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Málvísindastofnunar, Hugvísindastofnunar og Þjóðminjasafns Íslands. Ráðstefnan er árleg vinnustofa rannsóknans fræðimanna sem stunda rannsóknir á upprunatungumálum innflytjenda og afkomenda þeirra.

Aðalfyrirlesari var Maria Polinsky, prófessor við Harvard-háskóla. Fyrirlestur hennar bar yfirskriftina „Learning from Heritage Languages“. Aðrir fyrirlesarar voru hátt á þriðja tug innlendra og erlendra fræðimanna, þar á meðal Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.

Skipulagning og framkvæmd ráðstefnunnar var í höndum Birnu Arnbjörnsdóttur, Janne Bondi Johannessen, prófessors við Háskólann í Osló, Michaels Putnam, dósentis við Penn State University í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, og Josephs Salmons, prófessors við University of Wisconsin í Madison í Bandaríkjunum, auk Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF.

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar styrkti ráðstefnuna.



Maria Polinsky
prófessor.



Birna Arnbjörnsdóttir prófessor.

MÁLÞING

Að heiman og heim – Málþing til heiðurs Guðbergi Bergssyni

Í tilefni þess að Guðbergur Bergsson var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda var efnt til málþingsins Að heiman og heim í samvinnu SVF, Bókmennta- og listfræðistofnunar, Manitoba-háskóla og Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO. Málþingið fór fram laugardaginn 1. júní í Hátíðasal Háskólans þar sem skáld, þýðendur og fræðimenn hvaðanæva úr heiminum fjölluðu um verk Guðbergs, auk þess sem íslenskir rithöfundar og fræðimenn ræddu um tengsl sín við skáldið.

Vigdís Finnbogadóttir setti ráðstefnuna og Guðbergur Bergsson flutti ávarp þar sem hann þakkaði Háskólanum fyrir þá sæmd sem honum var sýnd með heiðursdoktorsnafnbótinni. Þess má geta að Guðbergur er annar heiðursdoktor við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, en Vigdís var fyrst sæmd heiðursdoktorsnafnbót við deildina þann 15. apríl 2010.



Frá Guðbergspingi. M.a. má sjá Birnu Bjarnadóttur efst t.v. og Colm Tóibín efst t.h. Fyrir miðju rithöfundarnir Oddný Eir Ævarsdóttir, Eiríkur Guðmundsson, Kristín Ómarsdóttir og Haukur Ingvarsson ræða við Guðberg Bergsson. Kristín Ingólfssdóttir rektor, Vigdís Finnbogadóttir, Guðbergur Bergsson og Guðni Þorbjörnsson.

Þýðendurnir Enrique Bernádez, Friðrik Rafnsson og Massimo Rizzante.

Frummælendur á Guðbergspingi voru:

- Colm Tóibín, rithöfundur og Mellon-prófessor í deild ensku og samanburðar-bókmennta við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum: „Home: Wherever That May Be: Exile and Return in Irish Fiction.“
- Birna Bjarnadóttir, forstöðumaður íslenskudeildar Manitoba-háskóla í Kanada: „Visions from an Expedition.“
- Eric Boury þýðandi: „Authors and Translators – Wondrous Birds of the Same ilk.“
- Hans Brückner, myndlistarmaður og þýðandi: „Visual Artist’s Translation of *Flatey-Freyr: A Short Story in Three Parts.*“
- Massimo Rizzante, ljóðskáld, rithöfundur, þýðandi og prófessor í bókmennta-fræði við Università degli Studi di Trento á Ítalíu: „Childhood, Youth and Other Eternities: Notes on *The Swan.*“
- Enrique Bernárdez, þýðandi og prófessor í málvísindum við Universidad Complutense á Spáni: „The Art of Telling Stories: From *Don Quijote* (and Before) to *Tómas Jónsson* (and Beyond).“
- Ármann Jakobsson, rithöfundur og prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda: „The Sea, the Sea: The Frogman and the Aesthetics of the Elements.“

Þá ræddu rithöfundarnir Eiríkur Guðmundsson, Haukur Ingvarsson og Kristín Ómarsdóttir um tengsl sín við verk Guðbergs Bergssonar. Oddný Eir Ævarsdóttir stjórnaði umræðum.



Við heiðursdoktorsathöfnina flutti Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennum bókmenntum, fyrirlestur sem bar yfirskriftina „Leitin að landinu fagra“.

Geir Sigurðsson, dósent og varaforseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Háskóla Íslands, afhenti Guðbergi heiðursdoktorskjalið. Fundarstjóri málþingsins var Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku.

Skipulagning og framkvæmd málþingsins var í höndum Auðar Hauksdóttur, forstöðumanns SVF, Ármanns Jakobssonar prófessors, Birnu Bjarnadóttur, dósentis við Manitoba-háskóla, Kristínar Viðarsdóttur, verkefnisstjóra Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO, og Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF.

Málþingið var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Manitoba-háskóla, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO, Bókmennta- og listfræðistofnun, Grindavíkurbæ og Forlaginu.

Guðbergur Bergsson
heiðursdoktor og
Geir Sigurðsson vara-
deildarforseti.

Heiðursdoktorsefni,
Varadeildarforseti,
sviðsforseti og rektor
ganga inn í Hátíðasal
Háskólans.



Hólmfríður Garðarsdóttir talar við húsfylli.
Daniel Balderston prófessor.

Yfir saltan mar: Málþing um skáldskap Jorges Luis Borges

Í tilefni af útgáfu bókarinnar *Yfir saltan mar: Þýðingar á ljóðum eftir Jorge Luis Borges* sem SVF og Háskólaútgáfan stóðu að, efndi SVF til málþings um argentínska skáldið og Íslandsvininn Jorge Luis Borges. Málþingið fór fram föstudaginn 25. október í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan stóðu að útgáfu bókarinnar.

Gestafyrirlesari:



Fyrirlesarar á málþinginu.

- Daniel Balderston, prófessor og framkvæmdastjóri Borgesar-seturs við Háskólann í Pittsburg í Bandaríkjunum: „Hvernig skrifaði Borges: Um handritið *Örlög Norðurlanda*.“

Aðrir framsögumenn:

- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku: „Bókasöfn Borgesar.“
- Jón Karl Helgason, prófessor í íslensku sem öðru máli: „Villtur í völundarhúsi Borgesar.“
- Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi: „Bráðum kemst ég að því hver ég er.“
- Jón Hallur Stefánsson, rithöfundur og þýðandi: „Sverð og aftur sverð.“

Kristín Guðrún Jónsdóttir, lektor í spænsku, setti málþingið og Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennri bókmenntafræði, kynnti gestafyrirlesarann.

Málþingið tókst vel í alla staði og var fjölsótt. Skipulagning málþingsins var í höndum Hólmfríðar Garðarsdóttur, prófessors í spænsku, og Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF. Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar styrkti málþingið.



Fyrirlesarar og fundarstjóri málþings um náttúruna í verkum Camus.

Málþing um náttúruna í verkum Alberts Camus

Í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá fæðingu franska rithöfundarins og heimspekingsins Alberts Camus stóð stofnunin fyrir málþingi um verk hans. Yfirskrift málþingsins var „Náttúran í verkum Alberts Camus“ og fór það fram í Hannesarholti þann 6. desember.

Fyrirlesarar voru:

- Pétur Gunnarsson rithöfundur: „Sól, sjór, sandur – og syndafall.“
- Björn Þorsteinsson heimspekingur: „Rottur og annar ófögnuður: Náttúran í *Plágunni*.“
- Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum: „Að þýða hafið. Um náttúruna í ljóðrænum ritgerðum Alberts Camus.“
- Torfi Tulinius, prófessor í íslenskum miðaldafræðum: „Haf, sól og tunga í *Útlendingnum*.“

Fundarstjóri var Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi í frönskum fræðum.

Skipulagning var í höndum Ásdísar R. Magnúsdóttur og Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF. Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar styrkti málþingið.

Hugvísindaping

Hugvísindaping var haldið dagana 15. og 16. mars og tóku margir fræðimenn SVF þátt í dagskrá þess. Fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur tóku þátt í eftirfarandi málstofum:

Ameríkurar og innflytjendur: tregi, þrár, bjartir draumar og brostnir.

- Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, prófessor í enskum bókmenntum.
- Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku.
- Gro Tove Sandsmark, sendikennari í norsku.
- Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum.

Enska á Íslandi: Áhrif ensku á nám og starf í nýju íslensku málumhverfi.

- Ásrún Jóhannsdóttir, aðjunkt í ensku.
- Hulda Kristín Jónsdóttir, aðjunkt í ensku, og Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum.
- Hafðis Ingvarsdóttir, prófessor í menntunarfræði.

Erindi heimspekinnar.

- Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum.

Háskóli, tilgangur og siðvitund.

- Pétur Knútsson, dósent emeritus í ensku.

Máltileinkun: Íslenskuþorpið í reynd, málvíxl Dana og stöðupróf dönskunema.

- Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku.

Með fáum orðum: Örsagan í spænskumælandi löndum.

- Kristín Guðrún Jónsdóttir, lektor í spænsku.
- Erla Erlendsdóttir, dósent í spænsku.

Sögulega skáldsagan.

- Ingibjörg Ágústsdóttir, lektor í breskum bókmenntum.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku.

Auk þess var Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku máli, með stakt erindi á Hugvísindapingi.

Evrópski tungumáladagurinn

Að venju var evrópski tungumáladagurinn haldinn hátíðlegur þann 26. september, í þetta sinn undir yfyrskriftinni „Tungumálakennsla í takt við tímann“. Í tilefni dagsins var efnt til málþings í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi í fyrirlestrasal Menntavísindasviðs í Stakkahlíð.

Athöfnin hófst á því að grunnskólanemar fluttu leikþátt á frönsku undir stjórn Sólveigar Simha, frönskukennara við Háaleitisskóla og Alliance française. Á málþinginu fór einnig fram fjöltyngdur ljóðalestur í umsjón Kristínar R. Vilhjálmsdóttur, verkefnastjóra fjölmenningar hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur.

Framsögumenn voru:

- Sólveig Simha frönskukennari: „En français, s’il vous plaît !“
- Linda Rós Michaelsdóttir, konrektor Menntaskólans í Reykjavík: „Tungumálanám í fornmaladeild MR.“
- Michael Dal, dósent í dönsku á Menntavísindasviði: „Tæknin og tækifærin.“
- Brynhildur A. Ragnarsdóttir, formaður STÍL: „... í takt við tímann?“
- Ida Semey og Ásdís Þórólfsdóttir, spænskukennarar við Menntaskólann við Hamrahlíð: „Músik og myndir er málið.“
- Björn Gunnlaugsson, enskukennari og skólastjóri grunnskólans á Dalvík: „Hvar er kennarinn?“

Málþingið setti Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, en auk hennar fluttu Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðarsendiherra tungumála hjá UNESCO, og Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, ávörp. Fundarstjóri var Elna Katrín Jónsdóttir, þýskukennari við Kvennaskólann í Reykjavík.

Skipulagning og framkvæmd málþingsins var í höndum Auðar Hauksdóttur, Brynhildar Ragnarsdóttur, formanns STÍL, og Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF.

Sólveig Simha
frönskukennari og
nemendur hennar.

Fjöldi tungumálakennara og áhugafólks um tungumál og tungumálakennslu sótti málþingið. Dagskrá málþingsins var styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Vigdís Finnbogadóttir
og Elna Katrín
Jónsdóttir fundarstjóri.



Samvinna við Bókmenntahátíð í Reykjavík

Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík fór fram dagana 11.-15. september, en hún er haldin annað hvert ár. Fjöldi erlendra og innlendra rithöfunda tók þátt í bókmenntahátíðinni og sem endranær átti SVF góða samvinnu við forsvarsmenn hátíðarinnar. Haft var samráð við Stelli Soffíu Jóhannesdóttur framkvæmdastjóra og Sigurð Valgeirsson, stjórnarformann Bókmenntahátíðarinnar, um kynningarmál og sameiginlega stóðu SVF og Bókmenntahátíðin að tveimur viðburðum í tengslum við hátíðina.

1) Fyrirlestur um Nóbelsverðlaunaskáldið Tomas Tranströmer

Húsfyllir var í fyrirlestrasal Norræna hússins þegar sænski rithöfundurinn Kjell Espmark hélt fyrirlestur þann 12. september um sænska skáldið og Nóbelsverðlaunahafann Tomas Tranströmer, en Kjell Espmark var einn af gestum Bókmenntahátíðarinnar. Fyrirlesturinn var einnig haldinn í samvinnu við sænska sendiráðið og Norræna húsið.

2) Málstofa um danska menningu og tungu á Grænlandi og Íslandi

Í tilefni af komu danska rithöfundarins Kims Leine til landsins stóðu SVF og Bókmenntahátíð fyrir málstofu um áhrif danskrar menningar og tungu á Grænlandi og Íslandi. Kim Leine hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir skáldsögur sínar um grænlandskt samfélag, menningu og náttúru frá sjónarhóli innfæddra og aðkomumanna í sögu og samtíð. Á málstofunni greindi Kim Leine frá kynnum sínum af Grænlandi og fjallaði um áhrif danskrar tungu og menningar þar í landi. Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku máli, hélt einnig erindi þar sem hún greindi frá áhrifum danskrar tungu og menningar á Íslandi. Kynnir var Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum. Málstofan fór fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands sunnudaginn 15. september við húsfylli.

Kim Leine og Auður Hauksdóttir.



Opin málstofa um konfúsíanismi í dag og nútímavæðingu Kína

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og SVF stóðu fyrir málstofu laugardaginn 7. september þar sem 11 fræðimenn víðs vegar að úr heiminum héldu erindi sem tengdust efni málstofunnar.

Fyrirlesarar voru Jana Rošker, Ady Van den Stock, Lee Ming-hui, Monika Gänßbauer, Bart Dessein, Tea Sernelj, Loreta Poškaite, Matjaž Vidmar, Tze-ki Hon, Vytis Silius og Geir Sigurðsson.

Ítölsk mósaík III: Vika ítalskrar tungu og menningar

Í tilefni af viku ítalskrar tungu og menningar stóð stofnunin og námsleið í ítölsku fyrir fyrirlestraröð dagana 15.-19. nóvember. Fyrirlestraröðin bar yfirskriftina Mosaico Italiano III, með tilvísan í svipaða viðburði á síðustu árum. Eduardo Blasco Ferrer, prófessor og deildarforseti í sardinískum málvísindum við Cagliari-háskóla á Ítalíu, var sérstakur gestur ítölsku vikunnar og hélt eftirtalda fyrirlestra:

- „Sardinian from a Historical, Linguistic and Anthropological Viewpoint.“
- „Connotation in Translations. Translating into Italian Céline, Salinger and Steinbeck: A Comparative and Qualitative Analysis.“
- „Second Language Acquisition, Cognitive Linguistics, and Teaching. How to Learn Swedish, Brazilian, Turkish or Italian as an L2.“

FYRIRLESTRAR

Vormisseri

- Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku: „Spontanskvning – og hvordan du skriver gode tekster hurtigt og med glæde.“ Norræna húsið, 5. mars.
- Nobuyoshi Mori, prófessor í norsku og íslensku við Tokai-háskólann í Japan: „Vandinn að þýða íslensk ljóð á japönsku.“ Oddi, 7. mars.
- Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjunkt í japönsku: „Gildi origamis og innþökkunarmening í japönsku þjóðfélagi.“ Menningarmiðstöðin Gerðuberg, 13. mars.
- Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum: „Fiktionens leg.“ Norræna húsið, 20. mars.
- Simon Reher, MA í Norðurlandafræðum: „Villy Sørensens litterära kreativitet – i 18 historier.“ Norræna húsið, 4. apríl.
- María Antonia Mezquita frá Universidad de Valladolid á Spáni: „Feminism and Identity Throughout the Works of the Canadian Writers Margaret Laurence, Alice Munro and Margaret Atwood: An Ecocritical Approach.“ Oddi, 9. apríl.
- Friðrika Tómasdóttir, MA í frönskum fræðum: „Hlutverk og staða vinnukonunnar í verkum Balzacs.“ Oddi, 10. apríl.
- Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku: „Kanonisk selskabsleg i nordisk litteratur.“ Norræna húsið, 18. apríl.
- Xosé A. Neira Cruz, prófessor við Háskólann í Santiago de Compostela á Spáni: „Staða galísískrar tungu gagnvart spænsku.“ Askja, 23. apríl.
- Per Langgård fræðimaður: „Of Course Greenlandic Dishwashers Will Understand Greenlandic in the Future: A Short Introduction to Language Policy in Greenland and an Elaborated Discussion of Why Massive Support from Advanced Language Technology Might be the Prime Factor in Keeping Greenlandic Vital in the Years to Come.“ Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við Máltæknisetur og Málvísindastofnun. Þjóðminjasafn Íslands, 26. apríl.
- Maria de Fátima Marinho og Isabel Pires de Lima, prófessorar við Háskólann í Portó í Portúgal: „Portúgalskar samtímabókmenntir.“ Askja, 2. maí.
- Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku: „Sprogmixere og purister. Sprogbrug, sprogholdninger og identitet blandt danskere i Norge.“ Norræna húsið, 7. maí.

Haustmisseri

- Monika Gänßbauer, gestaprófessor við Háskólann í Erlangen í Þýskalandi: „Ímynd Kína í hinum vestræna heimi á 19. og 20. öld.“ Lögberg, 11. september.
- Erla Hallsteinsdóttir, dósent við Syddansk Universitet: „Staðalímyndir þjóða.“ Askja, 18. september.
- Claudio Giunta, dósent í ítölskum bókmenntum við Háskólann í Trento á Ítalíu: „Fantozzi: A Piece of Italy Everybody Should Know.“ Nýi-Garður, 24. september
- Michael Svendsen Pedersen, lektor við Hróarskelduháskóla: „„Me and My Language Learning“: Subjectivity and Learning Culture in Language Learning.“ Askja, 9. október.
- Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar á Borgarbókasafni Reykjavíkur: „Café Lingua og menningarmót í tungumálakennslu.“ Oddi, 7. nóvember.
- François Heenen, aðjunkt í frönskum fræðum: „Málnotkunarfræðilegt hlutverk frönsku lýsingarþátíðarinnar *imparfait*.“ Gimli, 19. nóvember.



Af fyrirlestri Pers Langgård. Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, t.v., kynnti fræðimanninn.

ÚTGÁFA FRÆÐIRITA



Fjórði árgangur *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu*, gefið út í fyrsta sinn sem tímarit (árið 2012).

Tímaritið *Milli mála*

Út kom hjá SVF og Háskólaútgáfunni *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu*. Tímaritið kemur í stað ársrits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og er þetta í annað sinn sem tímaritið kemur út í því formi, en er í raun fimmti árgangur *Milli mála*. Þema heftisins er útlendingar og eru greinarnar skrifaðar á íslensku, dönsku, ensku, frönsku, spænsku og þýsku.


Sjö greinar eru tileinkaðar þemanu um útlendinga. Þær fjalla um íslensku sem annað mál, ferðalýsingu í bréfi Tómasar Sæmundssonar sem birtist í Fjölni 1836, tvö verk eftir skoska rithöfundinn Robin Jenkins, villimenn Nýja heimsins í skrifum Michels de Montaigne og fólksflutninga vestur um haf eftir sameiningu Ítalíu 1860 til upphafs fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Í greinum utan þemans er fjallað um stöðupróf í tungumálum við Háskóla Íslands, skáldsögu Tove Ditlevsen, *Man gjorde et Barn Fortræd*, og tökuorð á sviði siglinga og skipasmíði.

Í *Milli mála* 2013 er einnig birt íslensk þýðing á esseyju eftir Michel de Montaigne og umfjöllun um rit Pauls Kußmaul, *Verstehen und Übersetzen. Ein Lehr- und Arbeitsbuch*, frá árinu 2010.

Ritstjórar heftisins voru Ásdís R. Magnúsdóttir, Erla Erlendsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir.

Útgáfa tímaritsins var fjármögnuð af Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.



Fimmti árgangur *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu* (2013).

Morð í dómkirkju



Morð í dómkirkju.

Bókin *Morð í dómkirkju* eftir T. S. Eliot kom út í tvímála ritröð SVF í samvinnu við Háskólaútgáfuna. *Morð í dómkirkju* er vinsælasta leikrit T. S. Eliots, eins þekktasta ljóðskálds tuttugustu aldar. Leikritið var fyrst sett upp árið 1935 í Kantaraborg í Englandi og fjallar um píslarvætti Tómasar Beckets erkibiskups sem var veginn í dómkirkjunni í Kantaraborg 29. desember árið 1170. Íslensk þýðing Karls J. Guðmundssonar er hér birt í fyrsta skipti í heild sinni við hlið enska frumtextans. Ritstjóri bókarinnar er Ingibjörg Ágústsdóttir, lektor í enskum bókmenntum, en hún ritaði einnig fræðilegan inngang að verkinu. Í sérstökum bókarauka hefur ritstjóri samið verkefni í tengslum við leikritið til að nota í enskukennslu.

Útgáfa bókarinnar var fjármögnuð af Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Miðstöð íslenskra bókmennta og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

Kristín Guðrún Jónsdóttir hlýtur Íslensku þýðingaverðlaunin

Íslensku þýðingaverðlaunin 2013 voru veitt við hátíðlega athöfn á Gljúfrasteini á degi bókarinnar, þriðjudaginn 23. apríl. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti verðlaunin sem féllu í hlut Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur, lektors í spænsku, fyrir þýðingu hennar á örsögusafni Augustos Monterroso, *Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur*.

Í umsögn dómnefndar segir m.a.: „Með þýðingu sinni hefur Kristín Guðrún Jónsdóttir fært okkur gimstein úr heimbókmenntunum fagaðan svo vel að vart verður betur gert.“



Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, og verðlaunahafinn.

ÞÝÐINGAVERK STARFSMANNA SVF

The Story of the Blue Planet

Út kom hjá bresku útgáfunni Pushkin Press barnabókin *Sagan af bláa hnettinum* eftir Andra Snæ Magnason í enskri þýðingu Júlíans Meldon D'Arcy, prófessors í enskum bókmenntum. Þetta er bresk útgáfa af bókinni sem gefin var út í Bandaríkjunum árið 2012. Enskur titill bókarinnar er *The Story of the Blue Planet*. Hún var tilnefnd til verðlauna sem besta barnabókin í aldursflokki 7-11 ára hjá United Kingdom Literacy Association.




La donna è un'isola

Út kom hjá ítölsku útgáfunni Einaudi skáldsagan *Rigning í nóvember* eftir Auði Övu Ólafsdóttur í þýðingu Stefanos Rosatti, aðjunktis í ítölsku. Ítalskur titill bókarinnar er *La donna è un'isola*.



Trofaste troll

Út kom hjá útgáfunni Fossatúni barnabókin *Tryggðatröll* eftir Steinar Berg í norskrri þýðingu Gro Tove Sandsmark, sendikennara í norsku. Norskur titill bókarinnar er *Trofaste troll*.



ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og allmargir starfsmenn hennar taka þátt í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum og samstarfsnetum sem njóta oft styrkja frá erlendum rannsóknasjóðum. Slík verkefni eru mikilvæg fyrir stofnunina þar sem þau efla alþjóðlegt rannsóknasamstarf og stuðla að miðlun þekkingar milli landa. Stofnunin var í forsvari fyrir tvö slík net og átti aðild að stjórn annars alþjóðlegs nets.

Lingua Nordica – Lingua Franca

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur naut á árinu styrks frá Norrænu samstarfsnefndinni um hug- og félagsvísindarannsóknir (NOS–HS) til að standa fyrir samstarfsnetinu Lingua Nordica – Lingua Franca en starfsemi þess snýst um rannsóknir á norrænum tjáskiptum, einkum því sem auðveldar eða torveldar tjáskipti á milli Norðurlandabúa. Í forsvari fyrir samstarfsnetinu er Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku máli, en aðrir í stjórn þess eru: Anna Mauranen, prófessor við Helsinkiháskóla, Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, Gunnstein Akselberg, prófessor við Björgvinjarháskóla, Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, Karen Lund, prófessor við Árósháskóla, Peter Juel Henriksen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, og Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla.

Stjórn netsins stóð fyrir vinnufundi í Kaupmannahöfn dagana 16.-19. maí og var það síðasti viðburðurinn á vegum netsins. Ítarleg skýrsla um starfssemi þess var send til NOS-HS í lok ársins.

Diachronic Syntax Corpus (DiaSynCorp)

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur naut á árinu framhaldsstyrks frá Norrænu samstarfsnefndinni um hug- og félagsvísindarannsóknir (NOS-HS) til að standa fyrir samstarfsnetinu Diachronic Syntax Corpus (DiaSynCorp) sem snýst um gerð sögulegra gagnagrunna fyrir norræn mál. Í forsvari fyrir samstarfsnetinu er Þórhallur Eypórsson, dósent í enskum málvísindum, en aðrir í stjórn þess eru: Lars Borin, prófessor við Gautaborgarháskóla, Dag Haug, prófessor við Háskólann í Osló, og Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenski málfraeði. Samstarfsnetið stóð fyrir tveim málstofum um máltækni og söguleg málvísindi á árinu, báðum í Osló. Önnur málstofan nefndist Computational Historical Linguistics og var haldin á Nodalida-ráðstefnunni í Osló 22. maí 2013. Erindin voru gefin út í sérstöku ráðstefnuriti: *Proceedings of the workshop on computational historical linguistics at NODALIDA 2013, May 22-24, 2013, Oslo, Norway*. NEALT Proceedings Series, 18, ritstj. Þórhallur Eypórsson, Lars Borin, Dag Haug og Eiríkur Rögnvaldsson. Hin málstofan nefndist Diachronic Corpora and Language Change og var haldin á alþjóðlegri ráðstefnu í sögulegum málvísindum (21st International Conference of Historical Linguistics) í Osló 5. ágúst 2013. Ítarleg skýrsla um starfssemi netsins var send til NOS-HS í lok ársins.

campUSCulturae

Stofnunin hefur tekið þátt í evrópska samstarfsnetinu campUSCulturae um fjöltyngi og fjölmenningu. Þar er fengist við rannsóknir á barnabókmenntum og barnamenningu, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast. Aðilar í samstarfsnetinu, sem styrkt er af Menningaráætlun Evrópusambandsins, eru Minority Studies Society Studii Romani í Búlgaríu, CHE Consult GmbH í Þýskalandi, Háskólinn í Lodz í Póllandi, og portúgölsk félagasamtök í menningar- og menntamálum sem nefnast Ponte... nas ondas! Umsjón með verkefninu er í höndum Háskólans í Santiago de Compostela á Spáni. Alþjóðleg ráðstefna um barnabókmenntir og menningu minnihlutahópa var haldin í apríl (sjá hér að framan) og var hún framlag stofnunarinnar til starfsemi netsins. Fulltrúi SVF í samstarfsnetinu er Gro Tove Sandsmark, sendikennari í norsku.



Af fundi campUSCulturae samstarfsnetsins í Þjóðminjasafni Íslands 26. apríl.

Tal hjálp fyrir dönskunám

Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku máli, fer fyrir norrænum rannsóknarhópi sem vinnur að þróun talhjálpar sem er ætlað að auðvelda Færeyingum, Grænlandingum og Íslendingum að læra danskt talmál og tjá sig á dönsku. Markmiðið er að skoða hvaða þættir dansks talmáls valda erfiðleikum og hvernig hægt er að mæta ólíkum þörfum í tengslum við tileinkun talmáls og þá einkum framburðar á dönsku (sjá www.taleboblen.hi.is). Aðrir þátttakendur í rannsóknar- og þróunarverkefninu eru Peter Juel Henriksen, dósent í tölvumálvísindum við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Katti Frederiksen, fræðimaður við Málráð Grænlands, og Jónhard Mikkelsen, lektor við Fróðskaparsetur Færeyja, auk Guðrúnar Haraldsdóttur, arkitekts og BA í dönsku, Önnu Margrétar Bjarnadóttur, cand.mag. og cand.pæd. í dönsku, og Tuma Snæs Gíslasonar, nema í tölvunarfræði. Fimm dönskukennarar í grunn- og framhaldsskólum í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi ásamt nemendum þeirra taka þátt í verkefninu, sem er styrkt af Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni og Norræna menningarsjóðnum.

Alþjóðleg máltækniráðstefna í undirbúningi

European Language Resources Association (ELRA) ákvað í nóvember sl. að næsta máltækniráðstefna samtakanna Language Resources and Evaluation Conference (LREC) yrði haldin á Íslandi dagana 26. maí – 1. júní 2014. Ráðstefnan er haldin annað hvert ár og er stærsta máltækniráðstefna heims með á annað þúsund þátttakendur.

Ráðstefnan verður án efa mikil lyftistöng fyrir íslenska máltækni og íslenskar málrannsóknir og skapar mörg tækifæri fyrir stúdenta og fræðimenn. Samstarfsaðilar ELRA um ráðstefnuhaldið eru Máltæknisetur, sem er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar eru Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, formaður, Hrafn Loftsson, dósent við Háskólann í Reykjavík, sem á

sæti í vísindaráði ráðstefnunnar, Sigrún Helgadóttir, fræðimaður hjá Stofnun Árna Magnússonar, sem er starfsmaður nefndarinnar, Kristín Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Stofnun Árna Magnússonar, Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri Hugvísindasviðs, og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF.

Danskt-íslenskt gagnasafn

Föstudaginn 22. nóvember var undirritað samkomulag um danskt-íslenskt gagnasafn, DAN-ÍS, í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Viðstödd viðburðinn voru Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti, Mette Kjuel Nielsen, sendiherra Dana á Íslandi, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Anna Agnarsdóttir, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, Guðbjörg og Karen Tómasdætur, Gerður Jóhannsdóttir, Anna María Benediktsdóttir, verkefnisstjóri rannsókna í dönsku, Malene Søholt frá danska sendiráðinu og Bragi Þ. Ólafsson, fagstjóri handritasafns Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.



Frá undirritun samkomulags um dansk-íslenska gagnasafnið DAN-ÍS.

Auður Hauksdóttir greindi fyrst frá rannsókninni *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900-1970*. Að því búnu sagði Anna María Benediktsdóttir frá þeirri gagnaöflun og kynningu sem átt hefur sér stað vegna verkefnisins.

Guðbjörg og Karen Tómasdætur afhentu gögn móður sinnar, Katrínar Nørgaard Vigfússon ljósmyndara, og Gerður Jóhannsdóttir afhenti bréfasafn og dagbækur móður sinnar, Birtu Fróðadóttur, innanhússarkitekts og húsgagnasmiðs. Loks afhenti Anna María Benediktsdóttir safninu fyrsta hluta af bréfa- og skjalasafni foreldra sinna, Inger Elise og Benedikts Bjarna Sigurðssonar.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi persónulegra heimilda af þessum toga fyrir rannsóknir á samskiptasögu Dana og Íslendinga.

Fyrsta doktorsvörnin við Deild erlendra tungumála, málvísinda og bókmennta

Föstudaginn 27. september fór fram fyrsta doktorsvörnin við Deild erlendra tungumála, málvísinda og bókmennta. Þá varði Anna Jeeves doktorsritgerð sína „Relevance and the L2 Self in the Context of Icelandic Secondary School Learners: Learner Views“, eða „Gildi og tungumálasjálfi íslenskra framhaldsskólanemenda: Viðhorf nemenda.“

Andmælendur voru Glenn Ole Hellekjær, prófessor við Háskólann í Osló, og Martin Lamb, prófessor við Háskólann í Leeds. Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, var aðalleiðbeinandi doktorsefnisins en í doktorsnefnd sátu auk hennar Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor í menntunarfræði, og Judit Kormos, prófessor við Háskólann í Lancaster. Hólmfríður Garðarsdóttir deildarforseti stjórnaði athöfninni sem fór fram í Hátíðasal Háskólans.



Doktorsefni, deildarforseti, sviðsforseti, andmælendur og leiðbeinendur ganga inn í Hátíðasal Háskóla Íslands.



Frá doktorsvörn Önnu Jeeves.

AÐRIR VIÐBURÐIR

Japanshátíð

Að venju stóð námsleið í japönskum fræðum að Japanshátíð í samvinnu við sendiráð Japans á Íslandi. Japanshátíðin fór fram á Háskólatorgi laugardaginn 2. febrúar og var hin glæsilegasta í alla staði. Mikið fjölmenni sótti hátíðina. Þar bauðst gestum að kynnst japanskri menningu af ýmsum toga, syngja karaoke, hlýða á japanska popptónlist og taka þátt í tölvuleikjum. Sýndar voru japanskar bardagalistar og blómagerðarlist og spiluð lifandi tónlist.

Kínversk nýárshátíð

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós efndi til nýárshátíðar í tilefni komu árs slöngunnar í Kína í samstarfi við SVF, Kínversk-íslenska menningarfélagið, sendiráð Kínverska alþýðulýðveldisins og Félag Kínverja á Íslandi. Hátíðin var haldin á Háskólatorgi sunnudaginn 10. febrúar og hófst með drekadansi. Að loknum tónlistartriðum og sýningu á kínverskri bardagalist var gestum boðið upp á kínverskan mat og te, jafnframt því sem hægt var að kynnst kínverskri skrautskrift, taiji-leikfimi og kínverskum barnasöngvum og læra að hnýta kínverskan lukkuhnút. Hátíðin tókst afar vel og var fjölsótt.

Frá kínverskri nýárshátíð.



Frá bókamessu SVF í Hannesarholti.
Rebekka Práinsdóttir fundarstjóri, Vigdís
Finnbogadóttir og Auður Hauksdóttir.



Bókamessa Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Blásið var til bókamessu SVF miðvikudaginn 10. apríl þar sem kynnt voru nýútkomin verk fræðimanna innan SVF.

Eftirfarandi bækur voru kynntar:

- *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu*. Ritstjórnarnir Rebekka Þráinsdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir og Sigríður Á. Eiríksdóttir kynntu fjórða hefti tímaritsins (2012) sem og fyrri árganga.
- *Yfir saltan mar: Þýðingar á ljóðum eftir Jorge Luis Borges*. Hólmfríður Garðarsdóttir og Sigrún Á. Eiríksdóttir, ritstjórar bókarinnar, fjölluðu um verk-ið, sem er í flokki tvímála útgáfa og kom út í lok árs 2012.
- Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku máli, kynnti bók sína *Dansk som fremmedsprog i en akademisk kontekst. Om islændinges behov for danskkundskaber under videreuddannelse i Danmark*. Bókin var gefin út af Kaupmannahafnarháskóla í lok árs 2012 í ritröðinni Københavnerstudier i Tosprogethed.
- Annemette Hejlsted, lektor í dönskum bókmenntum, kynnti bók sína *Fiktionens genrer. Teori og analyse* sem gefin var út árið 2012 hjá Samfundslitteratur í Kaupmannahöfn.
- Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum, kynnti þýðingu sína og Hélène Tétrel *Histoire des Bretagnes 3 : La Petite Saga de Tristan et autres sagas islandaises inspirées de la matière de Bretagne*. Bókin var gefin út af Université de Bretagne Occidentale í Frakklandi árið 2012.

Vigdís Finnbogadóttir setti dagskrána.



- Kristín Guðrún Jónsdóttir kynnti þýðingu sína *Svarti sauðurinn og aðrar fabúlur* eftir Augusto Monterroso sem kom út hjá Bjarti árið 2012.
- Stefano Rosatti fjallaði um þýðingu sína *Rosa candida* eftir Auði Övu Ólafsdóttur sem út kom í upphafi árs 2013 hjá ítalska forlaginu Einaudi.

Vigdís Finnbogadóttir setti bókamessuna og flutti ávarp. Fundarstjóri var Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku.

Skipulagning og framkvæmd bókamessunnar var í höndum Rebekku Þráinsdóttur, aðjunkt í rússnesku, og Guðrúnar Kristinsdóttur, verkefnisstjóra SVF. Viðburðurinn var haldinn í samvinnu SVF og Hannesarholts.

Icelandic Online 5

Nýju vefnámskeiði, Icelandic Online 5, var hleypt af stokkunum þann 10. desember. Um er að ræða nýja viðbót við Icelandic Online-námskeiðin, sem ætlað er fyrir lengra komna nemendur í íslensku sem öðru máli. Icelandic Online 5 er samstarfsverkefni námsleiðarinnar Íslenska sem annað mál, Hugvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Stofnunar Árna Magnússonar, Björgvinjarháskóla og Helsinkiháskóla. Olga Holownia, Daisy L. Neijmann og Jón Karl Helgason eru ritstjórar efnisins, auk þess sem Mark Berge hefur haft umsjón með tæknilegum þáttum þess.

Ríkisútvarpið, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fjöldi höfundu hafa lagt þessu verkefni lið en það hefur einnig notið fjárstuðnings frá Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni og Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.



www.icelandiconline.is

STYRKIR

Stórframlag til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Síðastliðið sumar var efnt til sérstaks fjáröflunarátaks til að renna styrkari stoðum undir rekstur SVF og að auðvelda henni þá miklu undirbúningsvinnu sem nú stendur yfir vegna alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Einstakur liðsmaður í þessu átaki var Ásmundur Stefánsson, fv. bankastjóri og stjórnarmaður í Styrktarsjóði SVF. Kann stofnunin honum miklar þakkir fyrir ómetanlegt framlag hans.

Árangur átaksins var kunngerður föstudaginn 15. nóvember þegar stjórnendur níu fyrirtækja undirrituðu samninga um styrkveitingu til reksturs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Styrkirnir nema alls 21 milljón króna á þriggja ára tímabili og verður fjármununum varið til að undirbúa starfsemi Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, sem mun eins og áður er getið starfa undir merkjum UNESCO. Kristín Ingólfssdóttir rektor undirritaði samningana af hálfu Háskóla Íslands.



Standandi, frá vinstri: Jón Atli Benediktsson aðstoðarrektor, Björk Þórarinsdóttir, skrifstofu bankastjóra Arion-banka, Þórður Kristínsson, sviðsstjóri kennslumála við Háskóla Íslands, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Ingibjörg Þórisdóttir, stjórnarmaður SVF, Hermann Þórisson, formaður stjórnar Promens, Ingólfur Einarsson, hóteltjóri frá Íslandshótelum, Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri N1, Magnea Guðmundsdóttir, kynningarstjóri Bláa lónsins, Magnús Bjarnason, forstjóri Icelandic Group, Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri MP-banka, Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP-banka, Anna Sigríður Kristjánsdóttir, skrifstofu bankastjóra Arion-banka, Björgólfur Jóhannesson, forstjóri Icelandair Group, Ásdís R. Magnúsdóttir, stjórnarmaður SVF, Rebekka Þráinsdóttir, stjórnarmaður SVF, Hólmfríður Garðarsdóttir, forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Oddný G. Sverrisdóttir, varamaður í stjórn SVF, og Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF.

Sitjandi, frá vinstri: Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Kristín Ingólfssdóttir rektor og Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs.

Fyrirtækin Íslandshótel hf., Landsbankinn hf., MP-banki hf., Promens hf. og fasteignafyrirtækið Reginn hf. munu hvert og eitt styrkja Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur með einnar milljónar króna framlagi á ári í þrjú ár en Bláa lónið hf., Icelandair Group hf., Icelandic Group hf. og olúfúlagið N1 hf. með 500.000 króna framlagi á ári hvert í jafn langan tíma.

Áður hafði verið gerður samningur við Arion banka hf. um tveggja milljóna króna árlegt framlag í þrjú ár.

Þessir rausnarlegu styrkir eru stofnuninni ómetanlegir og munu auðvelda henni að hrinda í framkvæmd áformum um alþjóðlega tungumálamiðstöð.

Framlög í Styrktarsjóð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hefur það að markmiði að styðja við starfsemi SVF. Fyrirtækin Icelandair Group hf. og Vörður tryggingar hf. lögðu styrktarsjóðnum til 90 þúsund krónur hvort.

Stjórn sjóðsins skipa Vigdís Finnbogadóttir formaður, Ásmundur Stefánsson, fv. bankastjóri, Hrönn Greipadóttir, forstöðumaður fyrirtækjaþjónustu Arion-banka, Ragnheiður Jónsdóttir, stjórnarformaður Hannesarholts, Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur, Sigurður Helgason, stjórnarformaður Icelandair Group, Vésteinn Ólason prófessor og Þórður Sverrisson, fv. forstjóri Nýherja.

VIGDÍSARSTOFNUN – ALÞJÓÐLEG MIÐSTÖÐ TUNGUMÁLA OG MENNINGAR

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur undirbýr nú starfsemi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar sem mun starfa undir merkjum UNESCO – Menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Miðstöðin verður til húsa í nýbyggingu stofnunarinnar sem mun rísa við Suðurgötu, næst gömlu Loftskeytastöðinni. Í miðstöðinni verður m.a. starfrækt þekkingarsetur þar sem hægt verður að fræðast um erlend tungumál og fá innsýn í ólíka menningarheima og ýmis málefni er snerta samskipti Íslands við erlendar þjóðir. Í byggingunni verður aðstaða til sýninga-, ráðstefnu- og fyrirlestrahalds og þar mun einnig fara fram öll kennsla og rannsóknir í erlendum tungumálum og menningu sem tengjast þeim.

Byggingarnefnd, sem háskólaráð skipaði í apríl 2011, vann allt árið að undirbúningi byggingarframkvæmda í samvinnu við arkitektur.is, en arkitektar þeirrar teiknistofu urðu hlutskarpastir í hönnunarsamkeppni um bygginguna sem fram fór árið 2012. Formaður byggingarnefndar er Eiríkur Hilmarsson, lektor í viðskiptafræði, en auk hans eiga sæti í nefndinni Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskólans, Ingjaldur Hannibalsson prófessor, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur og Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir doktorsnemi. Með nefndinni starfar Halldóra Vífilisdóttir, aðstoðarforstóri Framkvæmdasýslu ríkisins, og Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskólans.

Verðlaunatilagan.



Vigdísarstofnun hlýtur viðurkenningu UNESCO



Mánudaginn 15. apríl undirritaði Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra samstarfssamning íslenskra stjórnvalda og UNESCO, Menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, um að Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar starfi undir merkjum UNESCO. Af þessu tilefni var efnt til athafnar þar sem Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhenti Vigdísi samninginn. Kristín Ingólfssdóttir rektor flutti ávarp þar sem hún þakkaði Katrínu Jakobsdóttur og Vigdísi Finnbogadóttur fyrir mikilvægt framlag þeirra við að koma þessu máli í höfn. Viðstaddir athöfnina voru Páll Skúlason, fv. rektor, Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, og Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, ásamt forstöðumanni og verkefnisstjóra SVF.

Vigdís Finnbogadóttir, Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Páll Skúlason, fv. rektor.



Kristín Ingólfssdóttir rektor, Jón Atli Benediktsson aðstoðarrektor og Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri SVF.

Fimmtudaginn 27. júní undirritaði aðalframkvæmdastjóri UNESCO, Irina Bokova, samninginn af hálfu UNESCO. Undirritunin fór fram við hátíðlega athöfn í aðalstöðvum stofnunarinnar í París að viðstaddri Vigdísi Finnbogadóttur. Meðal annarra gesta við athöfnina voru embættismenn Menningar-, mennta- og vísindastofnunar

Sameinuðu þjóðanna og fjöldi alþjóðlegra velgjörðarsendiherra, Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra Íslands í París, og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Að undirrituninni lokinni fluttu Irina Bokova og Vigdís stutt ávörp. Í máli sínu þakkaði Irina Bokova Íslenskum stjórnvöldum fyrir dyggan stuðning við samninginn og Vigdís Finnbogadóttur fyrir einarðlega framgöngu hennar á alþjóðavettvangi í þágu tungumála. Þá þakkaði hún fræðimönnum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur fyrir framlag þeirra og sagði árangur tungumálamiðstöðvarinnar ekki síst ráðast af sérfræðikunnáttu og störfum þeirra. Hún lagði áherslu á að umburðarlyndi án athafna dygði ekki lengur – mannkynið yrði að geta komið sér saman um mikilvæg mál, rætt þau og leyst á uppbyggilegan hátt og þar gegni tungumál veigamiklu hlutverki. Í því sambandi vék hún að orðum Nelsons Mandela sem sagði eitt sinn að það höfði til skynseminnar ef talað er við mann á tungumáli sem hann skilur en ekki er hans eigið, en ef talað er við hann á móðurmáli hans hitti það í hjartastað.

Vigdísarstofnun byggist á þeirri einföldu hugmynd að tungumál séu hornsteinn sjálfsmyndar og menningararfs alls mannkyns. Fjöltyngi sé forsenda menningarlegs margbreytileika og drifkraftur framfara og nýrra viðhorfa sem auki þekkingarforða okkar og hæfni til að hugsa á frjóan og skapandi hátt. Tungumálakunnátta byggir brýr milli fólks, skapi tengsl sem geri okkur kleift að eignast hlutdeild í alþjóðlegum viðhorfum og reynslu. Slíkt sé forsenda þvermenningarlegs skilnings og orðræðu sem byggist á virðingu.

Vigdís þakkaði UNESCO fyrir ómetanlegan stuðning við stofnunina sem ber nafn hennar. Hún sagði að sá samningur sem nú hefði verið innsiglaður gæfi Íslendingum mikla möguleika til að láta enn frekar að sér kveða á vettvangi sem löngum hefði styrkt ímynd þjóðarinnar sem hefði auðnast að varðveita tungu sína frá allt frá upphafi byggðar í landinu. Auk þess hefðu Íslendingar á öllum tímum lært erlend tungumál sem hefðu verið lykill þeirra að farsælum samskiptum við umheiminn.

Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra og fulltrúi Íslands hjá UNESCO, ávarpaði einnig gesti og sagði að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur yrði enn mikilvægari en áður eftir viðurkenningu UNESCO. Tungumál, tjáskipti og skilningur milli þjóða ykju umburðarlyndi og virðingu fyrir menningu annarra og stuðluðu að friðsamlegri sambúð. Þá þakkaði hún Vigdís Finnbogadóttur fyrir að hafa eftir menningarmynd Íslands víða um lönd – framlag hennar vakti hvarvetna athygli og virðingu og hún væri því glæsileg fyrirmynd.

Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, undirritar samninginn. Henni til hægri handar er Hans d'Orville aðstoðarframkvæmdastjóri. Við hlið Vigdísar stendur Berglind Ásgeirsdóttir sendiherra.



SAMSTARFSSAMNINGURINN

MARKMIÐ OG HLUTVERK VIGDÍSARSTOFNUNAR

Í 7. grein samningsins eru tilgreind markmið og hlutverk Vigdísarstofnunar.

Þar segir að markmiðin séu að:

- a. stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
- b. auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþátt í menningararfleifð mannkyns;
- c. leggja sitt af mörkum til varðveislu tungumála;
- d. sinna hlutverki miðlunarstöðvar á sviði fjöltyngis og fjölbreytni tungumála fyrir ákvarðandi aðila, sérfræðinga og almenning;
- e. stuðla að þýðingum og þýðingafræðum með það fyrir augum að auka ánægju af menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegum skilningi;
- f. leggja sitt af mörkum til vöktunar á framkvæmd málstefnu og málstýringar á sviði móðurmála með fjöltyngi að leiðarljósi;
- g. stuðla að rannsóknum og menntun á erlendum tungumálum og menningu;
- h. styðja og stuðla að rannsóknum á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum;
- i. stuðla að athugunum, greiningum og tölfræðisamantektum á þýðingafleifi.

Þar segir enn fremur að hlutverk Vigdísarstofnunar séu að:

- a. vinna að og hvetja til varðveislu tungumála með því að viðhalda og styðja stafræn gagnasöfn fyrir tungumál heims;
- b. styðja lífgun tungumála og skapa „tungumálasafn“ – sambland af raunverulegu safni og sýndarveruleikasafni með sýningum sem hægt verður að njóta á staðnum og á Netinu;
- c. stuðla að og miðla rannsóknum um tungumál og menningu sem þætti í menningararfleifð mannkyns með því að styðja rannsóknarstöður fyrir framúrskarandi fræðimenn, einnig frá þróunarlöndum;
- d. bjóða upp á vettvang og aðstöðu fyrir doktorsnema og fræðimenn erlendis frá, einkum frá þróunarlöndum;
- e. hugsa upp og miðla um allan heim áætlunum og aðferðum til að styðja tungumál í útrýmingarhættu og þjóðtungur með rannsóknaverkefnum, ráðstefnum og útgáfu;
- f. styðja framúrskarandi rannsóknir á sviði málstefnu og málpolitíkur;
- g. útvega aðstöðu og sérfræðipækkingu fyrir rannsóknaverkefni og miðla niðurstöðum með sérstöku tilliti til markmiða Vigdísarstofnunar;
- h. sýna hvernig viðhorf til móðurmálsins og skýr málstefna geti aukið læsi og menntun fyrir tilstilli rannsóknaverkefna og miðlunar þekkingar;
- i. þróa alþjóðlegan umræðuvettvang;
- j. vinna með öllum viðeigandi UNESCO-verkefnum, einkum á sviði vöktunar á þýðingafleifi, eins og *Index Translationum* (Alþjóðlegu þýðingaskrárinnar).

RANNSÓKNIR SVF OG FRAMTÍÐARSTARFSEMI VIGDÍSARSTOFNUNAR

Undanfarin misseri hefur markvisst verið unnið að því að undirbúa starfsemi Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Áhersla hefur verið lögð á að móta stefnu fyrir rannsóknir á tungumálum og menningu í ljósi þeirra markmiða sem alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni eru sett og þess hlutverks sem henni er ætlað að rækja. Eins og fram kemur hér að framan eru meginmarkmiðin að stuðla að fjölbreytni og skilningi á ólíkum menningarheimum og auka vitund um gildi tungumála. Sérstök áhersla er lögð á eflingu rannsókna á erlendum tungumálum, tungumálanámi og þýðingum.

Með því að hefja undirbúning strax vilja fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur leggja sitt af mörkum til að Vigdísarstofnun geti sem fyrst orðið lifandi vettvangur fyrir upplýsta umræðu um tungumál og ólíka menningarheima. Fræðimenn SVF hafa átt fundi með alþjóðlegu ráðgjafanefndinni, þar sem tækifæri hafa gefist til að kynna og ræða rannsóknastefnu stofnunarinnar og hvernig hún getur búið í haginn fyrir framtíðarstarfsemi alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Myndaðir hafa verið rannsóknarhópar þar sem fræðimenn hafa hist og skipst á skoðunum um stefnumótun og afmörkun rannsóknasviða og rætt hugsanleg rannsóknaverkefni sem gætu orðið lyftistöng fyrir Vigdísarstofnun. Hér á eftir verður greint stuttlega frá helstu rannsóknasviðum innan SVF og þeim áhersluþáttum sem rannsóknarhóparnir leggja til.

Bókmenntir

Rannsóknir á sviði bókmennta eru mikilvægur þáttur í rannsóknarstarfi SVF. Verkefni fræðimanna á þessu sviði tengjast bókmenntum og menningu ólíkra landa og landsvæða með ýmsum hætti og eru afar fjölbreytt. Þannig eru sögulega skáldsagan, smásagna- og ljóðagerð, örsagan, reisubókmenntir, kvikmyndir, samtímabókmenntir, bókmenntir kvenna, fjölmenningsbókmenntir, evrópskar miðaldabókmenntir og tengsl þeirra við Ísland, sem og alþýðumenning (s.s. fótbolti, hjátrú, alþýðudýrlingar og helgisiðir) meðal rannsóknarefna starfsmanna. Samskipti Íslands við önnur lönd, t.d. í tengslum við bókmenntir og ferðalög, eru einnig veigamikill þáttur í rannsóknum á þessu sviði og unnið er að verkefnum sem lúta að samskiptum Íslands og Spánar, Danmerkur, Þýskalands og Rússlands, svo að eitthvað sé nefnt. Mörg þeirra verkefna sem hér hafa verið tilgreind snerta með beinum og óbeinum hætti það starf sem unnið er innan SVF í þýðingum og gerð kennsluefnis.

Áhersla er lögð á samstarf við fræðimenn í öðrum deildum í Háskóla Íslands og í öðrum háskólastofnunum innan lands og utan, sem og þátttöku í fjölþjóðlegum rannsóknar-netum.

Erlend tungumál og menning á Íslandi í sögu og samtíð

Nokkur erlend tungumál eiga sér langa sögu á Íslandi en önnur hafa haslað sér völl á síðari árum. Nefna má sterka stöðu fornmálanna í menntun á fyrri tíð og hlutverk latínu sem samskiptamáls lærðra manna. Norsk og dönsk tunga hafa ásamt norrænni menningu fylgt þjóðinni frá öndverðu og samskipti við þjóðverja og Englendinga eru mikilvægur hluti af Íslandssögunni. Á nítjándu öld gætti franska áhrifa víða um land í tengslum við fiskveiðar franska sjómanna. Á síðustu öld fóru áhrif ensku sífellt vaxandi og nýtur hún nú yfirburðastöðu sem samskiptamál við útlönd á flestum sviðum. Á allra síðustu árum hafa ný erlend tungumál komið til sögunnar svo sem pólska og Asíumál. Innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hafa farið fram umtalsverðar rannsóknir á stöðu og hlutverki erlendra tungumála hér á landi í sögu og samtíð, t.d. með tilliti til þess hvernig erlend menning hefur mótað viðhorf og andlegt líf Íslendinga. Slíkar rannsóknir eru undirstaða menningartengdrar ferðaþjónustu bæði á landsvísu og á afmörkuðum landsvæðum. Í því sambandi má nefnda rannsóknir á sögu þjóðverja við Breiðafjörð, sögu Dana í gömlu kaupstöðunum og áhrifum Spánverja á Vestfjörðum. Þá hafa rannsóknir beinst að notkun fornmálanna, latínu og grísku, á ólíkum tímum. Áhersla er nú lögð á að efla þessar rannsóknir til að renna frekari stoðum undir menningartengda ferðaþjónustu. Afrakstur rannsókna mun einnig gegna lykilhlutverki í starfsemi Vigdísarstofnunar, þar sem ljóst er að fjöldi erlendra gesta mun leggja þangað leið sína. Vonir standa til að hægt verði að þjóða ferðamönnum og öðrum sem áhuga hafa á samskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir upp á fræðslu um ólík hlutverk erlendra tungumála í skólakerfinu og í þjóðfélaginu almennt.

Vert er einnig að nefna hagnýtar rannsóknir af öðrum toga sem beinast að ensku sem samskiptamáli á Íslandi. Fjöldi fræðimanna og nemenda tekur þátt í þessum rannsóknum, sem eru unnar í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknirnar felast í því að kortleggja stöðu ensku í nýju málumhverfi á Íslandi og þær hafa m.a. verið styrktar af Rannsóknamiðstöð Íslands. Sjónum er beint að áhrifum ensku sem samskiptamáls á flestum sviðum þjóðlífsins og stöðu hennar á öllum skólastigum og í atvinnulífinu.

Rannsóknir af þessum toga fara oftast fram í samvinnu við önnur fræðasvið innan lands og utan, svo sem sagnfræði, félagsfræði og menntunarfræði, enda skipta þær einnig máli fyrir skipulagningu skólastarfs, námsefnisgerð og fleira.

Málvísindi

Málvísindarannsóknir skipa mikilvægan sess innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og munu eðli málsins samkvæmt eflast enn frekar á komandi árum í ljósi markmiða og hlutverks alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Innan SVF eru einkum stundaðar samanburðarrannsóknir milli erlendra tungumála og íslensku, m.a. hvað varðar orðaforða (bæði einstök orð, föst orðatiltæki og aðrar heildir í málinu), merkingu, skyldleika við önnur tungumál, setningargerð, framburð, samskipti á erlendum tungum og ýmsa

félagsmálvísindalega þætti er lúta að notkun málsins. Sem dæmi má nefna rannsóknir á orðtökum í þýsku, spænsku og dönsku í samanburði við íslensku og samanburð á setningargerð í germönskum og indó-evrópskum málum. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir sem tengjast þörfum atvinnulífs og samfélags fyrir tungumálakunnáttu, m.a. þörfum námsmanna, skólakerfis og ferðaþjónustu.

Innan SVF fara einnig fram rannsóknir á íslensku sem erfðarmáli í samvinnu við fræðimenn við háskóla í Noregi, Bandaríkjunum og Kanada sem stunda hliðstæðar rannsóknir í öðrum málum. Rannsóknirnar á íslensku sem erfðarmáli beinast að breytingum á máli þeirra málhafa vestur-íslensku sem búa í tvítyngdum málsamfélögum með það að markmiði að komast að því hvernig þær geta varpað ljósi á spurningar um máltöku og málhörnun. Hér eru áhugaverð tækifæri til rannsókna, þar sem vestur-íslenska er kjörin til að kanna eðli máltöku og málhörnunar við fjölytyngdar málaðstæður.

Margar rannsóknir eru hagnýtar og beinast að því að auðvelda tungumálakennslu og þróa nýjar leiðir til að gera tungumálanám fjölbreytt og skilvirkt. Nefna má hagnýtingu leiklistar og kvikmynda í tungumálanámi, námskrárgerð og þróun einstaklingsmiðaðs tungumálanáms. Þá er sérstök áhersla lögð á að nýta máltækni og nýja miðla til rannsókna og til að auðvelda skilning og tjáningu á erlendum tungum. Í þessu sambandi er vert að nefna nýsköpunarverkefnið *Icelandic Online* (IOL, www.icelandiconline.is), sem er veftengt kennslunámskeið í íslensku sem öðru máli með ríflega 125 þúsund skráða notendur um allan heim. Í undirbúningi er að gera IOL aðgengilegt í fartækjum, auk þess sem hafist verður handa við að kortleggja nám, hegðun og námsaðferðir mál-nema á Netinu og kennsluhætti í fjarnámi og blönduðu námi. Einnig er unnið að því að þróa leiðir til tungumálanáms í sýndarheimi þar sem sköpuð verða skilyrði til gagnvirkra samskipta á erlenda málinu. Loks má nefna þróunarverkefnið www.frasar.net og www.taleboblen.hi.is þar sem máltækni er hagnýtt til orðaforðatileinkunar og þjálfunar dansks talmáls. Verkefnið eru þverfagleg í eðli sínu og fela oftast í sér alþjóðlegt samstarf. Verkefnið hafa notið fjölda styrkja úr innlendum og erlendum samkeppnis-sjóðum.

Annað rannsóknasvið tengt tungumálamiðstöðinni sem mikilvægt er að efla eru félagsmálvísindalegar rannsóknir, ekki síst þær sem tengjast sjálfbærni tungumála. Slíkar rannsóknir tækju bæði til móðurmálsins og erlendra tungumála og færu fram í samstarfi við aðrar rannsóknastofnanir innan lands og utan. Hér yrði staða tungumálanna, vöxtur þeirra og viðgangur skoðaður frá ólíkum sjónarhornum, jafnt í sögu sem samtíð. Í því sambandi má nefna rannsóknir á stöðu norrænna mála sem samskiptamála (norræn tjáskipti), stöðu þriðja máls og samskipti við aðrar Evrópuþjóðir og stöðu ensku og tengslin við hinn enskumælandi heim. Einnig er áhugavert að skoða hvernig viðhorf til móðurmálsins og erlendra mála hafa þróast hér á landi í samanburði við nágrannalönd og víðar.

Þýðingar og þýðingafræði

Þýðingar eru eitt af stærstu rannsóknasviðum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Fræðimenn á þessu sviði vinna að fjölbreyttum verkefnum: bókmenntaþýðingum úr íslensku yfir á erlend mál og úr erlendum málum yfir á íslensku og nytjaþýðingum af ýmsu tagi. Unnið er að gerð þýðingasafna þar sem finna má upplýsingar um þýðingar úr og á íslensku. Í sumum tilvikum hafa slík þýðingasöfn verið gefin út, t.d. í tvímála ritröð stofnunarinnar. Hjá SVF eru einnig stundaðar rannsóknir á norrænum miðaldarþýðingum úr frönsku.

Rannsóknir hafa enn fremur beinst að einstökum íslenskum þýðingum eða verkum einstakra þýðenda, sem og að þýðingum á verkum einstakra erlendra höfundna og viðtökum þeirra í íslenskum bókmenntaheimi í tímans rás, m.a. í *Alfræði íslenskra bókmennta og bókmenntafræða*. Þó skortir betri yfirsýn á þessu sviði sem bæta mætti úr með gerð sameiginlegs gagnagrunns um bókmenntaþýðingar.

Framtíðarverkefni Vigdísarstofnunar í þýðingum eru fjölþætt. Þar á meðal eru rannsóknir á þýðingaflæði og gerð málheilda (korpusa), rannsóknir á vélrænum þýðingum, stöðu fámennra tungumála og vægi og hlutverki þýðinga fyrir Ísland og önnur lönd. Margir telja raunar að endurrita þurfi bókmenntasöguna með hliðsjón af þýddum textum og þeirri samþættingu menningarheima sem á sér stað í þýðingarferlinu.

Kröftugt rannsóknarstarf fer nú fram á þessu sviði innan SVF og áhersla er lögð á að efla það enn frekar í ljósi hlutverka og markmiða alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar.

Biblúgjöf til Vigdísarstofnunar

Föstudaginn 25. október færðu hjónin Jón G. Friðjónsson prófessor og Herdís Svavarsdóttir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að gjöf stórmerka og gullfallega ljósprentaða útgáfu af Biblíu Kristjáns III Danakonungs. Biblían var upphaflega gefin út í Kaupmannahöfn árið 1550 og var fyrsta heildarútgáfa Biblíunnar á danska tungu. Í annálum er þess getið að Ólafur Hjaltason, fyrsti lúterski biskupinn á Hólum, hafi fengið dönsku Biblíuna að gjöf þegar hann var vígður til biskups í Kaupmannahöfn árið 1551. Margt þykir líkt með Guðbrandsbiblíu og þessu verki. Auk þess færðu þau Jón og Herdís stofnuninni Steinsbiblíu að gjöf en hún er kennd við Stein Jónsson biskup og er þriðja heildarútgáfa Biblíunnar á íslensku, prentuð á Hólum í Hjaltadal á árunum 1728-1734.

Vigdís Finnbogadóttir,
Jón G. Friðjónsson
prófessor og Herdís
Svavarsdóttir.



Stofnuninni er mikill fengur í þessum gersemum. Verkin munu bæði nýtast til rannsóknna, auk þess sem þau munu sóma sér vel sem sýningargripir í alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni.

Styrkur frá Björgvinjarháskóla

Í maí tilkynnti vararektor Björgvinjarháskóla, Berit Rokne, þá ákvörðun háskólans að styrkja alþjóðlegu tungumálamiðstöðina með 10 milljóna króna framlagi. Greint var frá þessari ákvörðun í heimsókn Vigdísar Finnbogadóttur til Björgvinjar þar sem hún var heiðursgestur við opnun *Festspillene* ásamt Hadiu Tajik, menningarmálaráðherra Noregs, og Jens Stoltenberg forsætisráðherra. Í bréfi Sigmunds Grønmo, rektors Björgvinjarháskóla, til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur segir að í Björgvinjarháskóla sé fylgst af áhuga með undirbúningi alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar og að mikill stuðningur sé við verkefnið. Hann lætur í ljós von um að tungumálamiðstöðin geti sem fyrst orðið að veruleika og árnar Vigdísarstofnun allra heilla og færir fram óskir um farsælt samstarf í framtíðinni.

Samstarf við norskar vísindastofnanir

Í apríl sátu Vigdís Finnbogadóttir og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, fyrsta fund samstarfsnets Háskóla Íslands, Björgvinjarháskóla, Tækniháskólans í Þrándheimi (NTNU), Nýnorsku menningarmiðstöðvarinnar og fylkisstjórnar Hörðalands, sem er ætlað að auka samvinnu um rannsóknir á vestnorrænum tungumálum og menningu. Efnt var til fundarins í tengslum við ráðstefnu sem haldin var í minningu Ivars Aasen, sem lagði grunninn að nýnorsku, en á árinu voru liðnar tvær aldir frá fæðingu hans. Vigdís Finnbogadóttir hélt hátíðarræðu á ráðstefnunni.

STARFSFÓLK

Aðild að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eiga 40 fræðimenn. Við Háskóla Íslands eru kennd 13 erlend tungumál og stunda fræðimenn við stofnunina rannsóknir og kennslu í þessum tungumálum og menningu þeirra.

ANNEMETTE HEJLSTED

lektor í dönskum bókmenntum.

Annemette lauk doktorsnámi í norrænum bókmenntum frá Syddansk Universitet og Mag.Art.-prófi í norrænum bókmenntum frá Kaupmannahafnarháskóla.

Rannsóknasvið hennar eru einkum frásagnarlist, skáldskapur og bókmenntagreinar, t.d. stelpubókmenntir og glæpasöguformið, en einnig póstmóðernismi og norrænir rithöfundar eins og Karen Blixen, Edith Södergran og Kerstin Ekman. Annemette er með í undirbúningi bók sem hefur að geyma smásögur danskra kvenna á 20. og 21. öld (*Raddir frá Danmörku*) í samvinnu við Þórhildi Oddsdóttur.

Um þessar mundir vinnur Annemette að rannsóknaverkefni um smásöguna sem bókmenntagrein, auk þess sem hún er að skrifa bók um danska rithöfundinn Kim Leine.



AUÐUR HAUKSDÓTTIR

dósent í dönsku máli og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Auður lauk doktorsnámi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1998, cand.mag.-prófi í dönsku frá sama skóla árið 1987 og BA-prófi í dönsku og heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1977.

Rannsóknasvið Auðar er danskt mál, einkum danska sem erlent mál, samanburðarmálvísindi og dönsk menning og tunga á Íslandi í sögu og samtíð.

Auður vinnur að bók um dönskukunnáttu Íslendinga og háskólanám Íslendinga í Danmörku, sem byggist á rannsókn hennar um þetta efni. Hún hefur, ásamt Guðmundi Jónssyni prófessor í sagnfræði, farið fyrir teymi íslenskra og danskra fræðimanna sem hafa unnið að rannsókninni *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900-1970*, sem hlaut m.a. styrki frá Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og danska vísindaráðuneytinu. Greinasafn um niðurstöður rannsóknarinnar kemur út í Danmörku á næstunni.

Þá hefur Auður unnið að samanburði á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku, og þróað mál-tækið *www.frasar.net* í samvinnu við Guðrúnu Haraldsdóttur og sænska og danska fræðimenn. Hún leiðir nú norrænt rannsókn- og þróunarverkefni, sem beinist að tileinkun Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga á dönsku talmáli og þróun hjálpartækis til að þjálfa danskan fram-burð. Veglegir styrkir hafa fengist til verkefnanna *www.frasar.net* og *Talehjælp i dansk*, þeir stærstu frá Nordplus Sprog og Kultur, Norræna menningarsjóðnum og Augustinus Fonden.





ÁSDÍS R. MAGNÚSDÓTTIR

prófessor í frönsku máli og bókmenntum.

Ásdís lauk doktorsnámi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum (Grenoble III) í Grenoble í Frakklandi árið 1997. Hún lauk DEA-prófi frá sama skóla árið 1993, meistaraprófi árið 1992 og licence-prófi árið 1991. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði franskra bókmennta: miðaldabókmennta, miðaldaskáldsögunnar, riddarasagna, þýðinga og smásagna.

Ásdís vinnur að íslenski þýðingu á *Lancelot ou le Chevalier de la charrette* (*Lancelot eða kerruriddaranum*) eftir Chrétien de Troyes og þremur ritgerðasöfnum (*L'Envers et l'Endroit*, *Noces*, *L'Été*) eftir Albert Camus sem gert er ráð fyrir að komi út árið 2014. Hún er þátttakandi í verkefniinu *Raddir kvenna – Smásögur* og vinnur að gerð smásagnasafns með verkum eftir ýmsa franska kvenrithöfundu (Marie de France, Marguerite de Navarre, Madame de La Fayette, George Sand, Colette, Marguerite Yourcenar o.fl.). Hún er þátttakandi í verkefni *La matière arthurienne aux XIVe-XVIe siècles en Europe* og vinnur m.a. að rannsóknum á miðaldabýðingum og útbreiðslu „efniviðarins frá Bretagne“.



ÁSRÚN JÓHANNSDÓTTIR

aðjunkt í ensku.

Ásrún lauk MA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2009 með áherslu á kennslu og tileinkun orðaforða á öðru og erlendu máli, diplóma í kennslufræði árið 2008 og BA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2006. Hún er um þessar mundir að ljúka við doktorsrannsókn á viðhorfi ungra nemenda til ensku á Íslandi og tileinkun þeirra á orðaforða í ensku.

Rannsóknasvið Ásrúnar lúta að tileinkun orðaforða í öðrum og erlendum málum, annarsmálsfræðum, rannsóknaraðferðum í tungumálakennslu og notkun upplýsingatækni í kennslu.

Áður en Ásrún kom til starfa sem aðjunkt við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda hafði hún starfað sem stundakennari í ensku við deildina frá árinu 2008, þar sem hún kenndi meðal annars málnotkun, ritun og tileinkun orðaforða á ensku.



ÁSTA INGIBJARTSDÓTTIR

aðjunkt í frönskum fræðum.

Ásta lauk meistaraprófi í málvísindum með áherslu á kennslu frönsku sem erlent mál. Meistararitgerð hennar fjallar um stöðu nemandans í orðræðu kennslufræðinnar.

Rannsóknasvið hennar er þjálfun talaðs máls og notkun leiklistar í þeirri þjálfun.



BIRNA ARNBJÖRNSDÓTTIR

prófessor í annarsmálsfræðum.

Birna lauk doktorsnámi í almennum málvísindum frá Texas-háskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 1990, meistaraprófi frá Háskólanum í Reading í Englandi árið 1977 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1975.

Rannsóknir hennar eru á sviði hagnýtra málvísinda, m.a. máltileinkunar, íslensku sem annars máls, fjarkennslu tungumála og ensku sem samskiptamáls. Birna hefur verið verkefnisstjóri *Icelandic Online* frá upphafi og stýrt þróun *The English Game*. Síðastliðin fimm ár hefur hún, í samvinnu við Hafðísi Ingvarsdóttur prófessor, unnið að rannsókn á stöðu ensku á Íslandi sem styrkt er af Rannsóknamiðstöð Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

ERLA ERLENDSDÓTTIR

dósent í spænsku.

Erla lauk doktorsnámi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barcelona á Spáni árið 2003, meistaraprófi frá sama háskóla 1999 og Mag.Art.-prófi frá Georg-August-háskólanum í Göttingen í Þýskalandi árið 1988. Hún stundaði nám í portúgölskum og brasilískum fræðum við Ludwig-Maximilians-háskólann í München (Zwischenprüfung 1993) og lauk Zwischenprüfung frá Georg-August-háskólanum í Göttingen árið 1986.

Helstu rannsóknasvið Erlu eru mál og menning spænskumælandi þjóða, félagsmálvísindi, orðfræði, orðsifjafræði, orðabókafræði, bókmenntir Spánar og Kúbu, þýðingar, krónikur og skrif um landafundina.

Um þessar mundir vinnur hún að bók um tökuorð úr tungumálum frumbyggja Suður- og Mið-Ameríku í spænsku og öðrum Evrópumálum. Einnig hefur hún í bígerð bók sem hefur að geyma smásögur spænskra kvenna á 20. og 21. öld (*Raddir frá Spáni*), sem og fræðilega útgáfu á íslenskum þýðingum á spænskum krónikum og þáttum frá 17., 18. og 19. öld. Að auki vinnur hún að rannsóknaverkefninu *Tengsl Spánar og Íslands í gegnum tíðina*.



EYJÓLFUR MÁR SIGURÐSSON

deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands.

Eyjólfur lauk meistaraprófi í kennslufræði tungumála frá Sorbonne-háskóla í París (Paris III) í Frakklandi árið 1996. Í störfum sínum fyrir Tungumálamiðstöðina hefur Eyjólfur fyrst og fremst fengist við nemendastýrt tungumálanám, nemendasjálfræði og notkun upplýsingatækni við tungumálanám og kennslu.



FRANÇOIS HEENEN

aðjunkt í frönsku.

François lauk doktorsnámi í málvísindum með áherslu á indóevrópska samanburðarmálfræði frá Háskólanum í Vín í Austurríki árið 2002, MA-gráðu í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands árið 2012 og BA-gráðu í almennum málvísindum frá Háskóla Íslands árið 1989.

Rannsóknasvið hans eru samanburðarmálfræði með sérstakri áherslu á þróun indóíranskra mála, merkingarfræði og málnotkunarfræði.

Um þessar mundir er François að rannsaka hlutverk og merkingu ýmissa sagnmynda á frönsku, svo sem *imparfait* og *futur simple*.



GEIR ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON

aðjunkt í grísku og latínu.

Geir lauk meistaraprófi í klassískum fræðum með áherslu á heimspeki fornaldar og klassískar bókmenntir frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum og vinnur að doktorsritgerð við sama skóla. Hann lauk BA-gráðu í heimspeki, grísku og latínu frá Háskóla Íslands árið 2004.



GRO TOVE SANDSMARK

sendikennari í norsku.

Gro Tove lauk cand.philol.-prófi í norrænum fræðum frá Oslóarháskóla árið 1996 og B.phil. Isl.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1997. Hún hlaut á árinu 2011 „førstelektorkompetanse“ við Háskólann í Þelamörk.

Rannsóknasvið hennar eru norskar og íslenskar bókmenntir, kynjafræði og þýðingar.





GUÐRÚN BJÖRK GUÐSTEINSDÓTTIR

prófessor í enskum bókmenntum.

Guðrún lauk doktorsnámi frá Alberta-háskóla í Kanada í enskum bókmenntum árið 1993, meistaraþrófi frá sama skóla árið 1985 og BA-þrófi frá Háskóla Íslands árið 1982.

Rannsóknasvið hennar er sér í lagi rithefð Íslendinga og afkomenda þeirra í Norður-Ameríku. Guðrún er fyrrverandi formaður og nú varaformaður Nordic Association for Canadian Studies (NACS) á Íslandi. Hún leiðir nýtt alþjóðlegt meistaranám í Ameríkufræðum sem boðið er í samvinnu greinanna ensku, frönsku og spænsku við Háskóla Íslands.



GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR

verkefnisstjóri við rannsóknir í dönsku við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

Guðrún lauk cand.arch.-gráðu í almennri byggingarlist frá Arkitektskolen í Árósum í Danmörku árið 1994 og BA-þrófi í dönsku frá Háskóla Íslands árið 2006.

Guðrún er verkefnisstjóri við þróun máltækis sem ætlað er til dönskukennslu í íslenskum, grænlenskum og færeyskum skólum og mun auðvelda nemendum að tjá sig á dönsku. Hún vinnur einnig við þýðingar í tengslum við samanburðarrannsókn á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku og hönnun máltækisins www.frasar.net sem auðveldar Íslendingum að tjá sig munnlega og skriflega á dönsku. Guðrún hefur einnig tekið þátt í vinnu við rannsóknina *Á mótum danskrar og íslenskrar menningar. Danir á Íslandi 1900-1970*.



GUÐRÚN KRISTINSDÓTTIR

verkefnisstjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Guðrún lauk MBA-gráðu við ESCP Europe viðskiptaháskólann í París árið 2003, BA-þrófi í frönsku og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og leiklistarnámi í París árið 1994. Hún hefur m.a. starfað sem leiðsögumaður fyrir franska ferðamenn, kennari hjá Alliance française í Reykjavík, verið umsjónarmaður sendifulltrúa hjá Rauða krossi Íslands, svæðisstjóri í Frakklandi fyrir Ferðamálaráð Íslands, verkefnisstjóri á viðskiptaskrifstofu sendiráðs Íslands í París, aðstoðarmaður við rannsóknir í Harvard Business School Europe Research Center í París og aðstoðarmaður þingkonu í neðri deild franska þjóðþingsins.



GUNNELLA ÞORGEIRSDÓTTIR

aðjunkt í japönsku.

Gunnella lauk meistaraþrófi í þjóðfræði frá Sheffield-háskóla í Englandi árið 2006 og er nú doktorsnemi við sama skóla í Austur-Asíufræðum. Doktorsritgerð hennar fjallar um hjátrú og helgisíði tengda meðgöngu í japönsku samfélagi og nam Gunnella við Kokugakuin-háskóla í Tókýó á árunum 2006-2008 meðan á rannsókninni stóð.

Aðaláherslur í rannsóknum hennar eru japanskir þjóðhættir og hátíðir, þjóðfræði samtímans, flökkusagnir og kímniþáfa.



HAFDÍS INGVARSDÓTTIR

prófessor í menntunarfræði við Menntavísindasvið, með kennslu erlendra tungumála sem sérsvið.

Hafdís lauk doktorsnámi í menntunarfræði með áherslu á enskukennslu frá Reading-háskóla í Bretlandi árið 2003 og meistaraþrófi í hagnýtum málvísindum frá sama skóla 1993. Hún stundaði framhaldsnám í dönsku máli og bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla 1969-1971 og lauk BA-gráðu frá Háskóla Íslands árið 1968 í dönsku og sögu.

Í rannsóknum sínum hefur Hafdís beint sjónum að menntun tungumálakennara, tungumálanámi, tungumálakennslu og fagmennsku kennara. Einnig hefur hún stundað rannsóknir á viðhorfum tungumálakennara til breytinga á kennsluháttum. Hún hefur sérhæft sig í eigindlegri aðferðafræði, einkum lífssögurannsóknum og starfendarannsóknum. Síðastliðin fimm ár hefur hún, í samvinnu við Birnu Arnbjörnsdóttur prófessor, unnið að rannsókn á stöðu ensku á Íslandi.

Hafdís var fyrsti formaður STÍL – Samtaka tungumálakennara á Íslandi.

HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR

prófessor í spænsku og forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Hólmfríður lauk doktorsnámi í bókmenntum og spænsku með áherslu á bókmenntir Rómönsku Ameríku frá Texas-háskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 2001, meistaraprófi frá sama háskóla árið 1996, B.Ed.-prófi frá Háskóla Íslands árið 1993 og BA-gráðu í spænsku frá Háskóla Íslands árið 1988.

Rannsóknasvið hennar eru kvikmyndasaga og kvikmyndagerð í Rómönsku Ameríku samtímans, bókmenntir minnihlutahópa í Mið-Ameríku með sérstakri áherslu á bókmenntir frá Karíbahafsstönd landa eins og Kosta Ríka, Panama, Níkaragva og Hondúras og bókmenntir Rómönsku Ameríku með áherslu á samtímabókmenntir skrifaðar af konum og þá einkum bókmenntir argentínskra kvenna eftir 1990. Um þessar mundir vinnur Hólmfríður að bók um málefni minnihlutahópa við Karíbahafsströnd Mið-Ameríkuríkja.



HULDA KRISTÍN JÓNSDÓTTIR

aðjunkt í ensku.

Hulda Kristín lauk MA-prófi árið 2008 í ensku frá Háskóla Íslands og BA-prófi frá sama skóla árið 2006. Hún leggur nú lokahönd á doktorsritgerð sína í enskum málvísindum. Hún hefur kennt ensku á háskólastigi, m.a. á námskeiðum hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Jafnframt hefur hún unnið fyrir fyrirtæki og opinbera aðila við kennslu, þýðingar og ráðgjöf.



INGIBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR

lektor í breskum bókmenntum 19. og 20. aldar.

Ingibjörg lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum við Háskólann í Glasgow árið 2001. Hún lauk meistaraprófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 1995 og BA-prófi í ensku frá sama skóla árið 1993.

Rannsóknasvið hennar eru breskar 19., 20. og 21. aldar bókmenntir, skoskar bókmenntir á 20. og 21. öld og sögulegar bókmenntir frá 19. öld fram til dagsins í dag.

Ingibjörg vinnur um þessar mundir að rannsóknum um Tudor-tímabilið í sögulegum skáldskap og viðhorf til þess meðal lesenda og rithöfunda, um skosku sögulegu skáldsöguna og hugsanlegt sjálfstæði Skotlands og um skoskar samtímabókmenntir, einkum verk rithöfundarins Robins Jenkins.



IRMA ERLINGSDÓTTIR

dósent í frönskum samtímabókmenntum.

Irma lauk doktorsnámi í frönskum samtímabókmenntum frá Sorbonne-háskóla í París árið 2012, DEA-prófi í samtímabókmenntum frá Université Paris VIII (Vincennes) árið 1995, meistaraprófi í samtímabókmenntum frá Paul-Valéry háskóla í Montpellier árið 1994, licence-prófi frá sama skóla árið 1993 og BA-gráðu í frönsku frá Háskóla Íslands árið 1992.



Rannsóknasvið Irmu eru franskar bókmenntir og heimspeki, menningarfræði, kynjafræði og samtímasaga. Irma hefur skrifað greinar, ritstýrt bókum og skipulagt ráðstefur og viðburði. Árið 2000 var hún ráðin forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og gegnir hún enn þeirri stöðu. Irma er enn fremur framkvæmdastjóri EDDU – öndvegisseturs og Alþjóðlegs jafnréttisskóla (GEST) við Háskóla Íslands en báðum verkefnum var ýtt úr vör árið 2009.



JESSICA GUSE

sendikennari í þýsku með áherslu á menningarmiðlun.

Jessica lauk MA-prófi í þýsku sem öðru máli og menningarmiðlun frá Freie Universität í Berlín árið 2011 og meistaraprófi í þýskum bókmenntum, miðaldasögu og listasögu frá Technische Universität í Berlín árið 2009. Hún vinnur nú að doktorsritgerð um notkun ljóðaslamms í tungumálakennslu.



JIA YUCHENG

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Jia lauk MA-gráðu í þýðingafraeði frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2002. Hann gegnir stöðu dósentis við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Jia kennir kínversku og kínverska málnotkun.



JÚLÍAN MELDON D'ARCY

prófessor í enskum bókmenntum.

Júlían lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum frá Aberdeen-háskóla í Bretlandi árið 1991, meistaraprófi frá Lancaster-háskóla árið 1971, B.Ed.-prófi frá St. Martin's College í Lancaster í Bretlandi 1972 og BA-gráðu í ensku máli og bókmenntum frá Lancaster-háskóla árið 1970.

Rannsóknasvið hans eru breskar og skoskar bókmenntir, sérstaklega skáldsagnagerð á 19. og 20. öld, og bandarískar og evrópskar íþróttabókmenntir. Um þessar mundir vinnur Júlían að nýrri bók um amerískan fótbolta í bandarískum bókmenntum, auk þess sem hann er að þýða ýmis verk eftir Þórberg Þórðarson.



KRISTÍN GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

lektor í spænsku.

Kristín lauk doktorsnámi í rómönsk-amerískum fræðum frá Arizona State University 2004. Hún lauk meistaraprófi í spænskum og rómönsk-amerískum bókmenntum frá Madrídardeild New York University í Madríd 1986 og BA-gráðu í spænsku frá Universidad del Sagrado Corazón í Púertó Ríkó árið 1983. Einnig stundaði hún nám í bókmenntum spænskumælandi landa við Universidad Nacional Autónoma í Mexíkóborg 1981-1982 og nám í spænskum fræðum við Universidad Complutense í Madríd 1979-1981.

Rannsóknasvið hennar er bókmenntir og alþýðutrú á landamærum Mexíkós og Bandaríkjanna, alþýðudýrlingar Rómönsku Ameríku, smásagan og örsagan í Rómönsku Ameríku, bókmenntir á spænskumælandi eyjum í Karíbahafi og þýðingar. Um þessar mundir vinnur Kristín að tveimur þýðingaverkefnum: úrvassafni örsagna frá Rómönsku Ameríku og safni mexíkóskra smásagna. Einnig vinnur hún að rannsóknaverkefninu *Tengsl Spánar og Íslands í gegnum tíðina*. Bók hennar um alþýðudýrlinga í Mexíkó er rétt útkomin í Mexíkó hjá rannsóknastofnuninni El Colegio de la Frontera Norte.

LARS-GÖRAN JOHANSSON

sendikennari í sænsku.

Lars-Göran lauk fil.mag.-gráðu í norrænum tungumálum og bókmenntum frá Háskólanum í Uppsölum árið 1974 ásamt kennslufræði frá Háskólanum í Linköping 1977.

Rannsóknasvið Lars-Görans eru sænskar samtímabókmenntir.



LIU KAILIANG

sendikennari í kínversku á vegum Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Liu lauk MA-gráðu í almennum málvísindum frá South Central University í Hunan-héraði í Kína árið 2003. Hún gegnir stöðu lektors við deild erlendra tungumála í Ningbo-háskóla í Kína. Liu kennir kínversku og kínverska texta.



MAGNÚS BJÖRNSSON

forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Magnús lauk meistaraprófi í alþjóðastjórn málum frá Renmin-háskóla í Peking í Kína árið 2000 og BA-gráðu í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands árið 1997. Starfsvettvangur Magnúsar hefur að mestu verið á sviði kennslu og ferðaþjónustu ásamt túlkun og þýðingavinnu. Auk þess starfaði Magnús tímabundið í sendiráði Íslands í Peking og við heimssýninguna í Shanghai árið 2010.



MAGNÚS FJALLDAL

prófessor í ensku.

Magnús lauk doktorsnámi í enskum bókmenntum og germönskum miðaldafræðum frá Harvard-háskóla árið 1985. Hann hafði áður lokið cand.mag.-prófi í ensku og BA-gráðu í ensku og íslensku frá Háskóla Íslands.

Rannsóknasvið hans hefur aðallega verið enskar og íslenskar miðaldabókmenntir. Um þessar mundir er Magnús einkum að rannsaka viðtökur íslenskra miðaldabókmennta í Englandi á 17. og 18. öld.



MAGNÚS SIGURÐSSON

aðjunkt í þýsku.

Magnús lauk meistaraprófi í þýsku sem erlendu máli frá Heidelberg-háskóla í Þýskalandi árið 1983. Rannsóknáahugi Magnúsar beinist að málnotkun Íslendinga sem læra þýsku, þýðingum og orðabókanotkun.



MARTIN REGAL

dósent í ensku.

Martin lauk doktorsnámi í breskum og bandarískum leikbókmenntum frá Kaliforníuháskóla í Davis 1991, meistaraprófi í ensku frá sama háskóla 1983, og BA-gráðu frá Reading-háskóla árið 1975.

Rannsóknir hans eru á aðallega á sviði aðlögunar- og kvikmyndafræði. Hann hefur einnig þýtt fjölmörg íslensk forn- og nútímabókmenntaverk, auk annarra verka. Um þessar mundir er hann að ljúka bók um harmleikinn sem bókmenntagrein. Martin kenndi fyrst í Háskóla Íslands árið 1976 en hefur einnig kennt í Bandaríkjunum, við Stokkhólmsháskóla og Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi.





MICHELE BROCCIA

sendikennari í ítölsku.

Michele lauk meistaraþrófi í enskum nútímabókmenntum frá Telematica Guglielmo Marconi-háskólanum í Róm árið 2009 en áður hafði hann lokið meistaraþrófi í kennslufræðum frá sama háskóla. Michele er frá Sardiníu og þar lauk hann háskólanámi árið 1990 með áherslu á erlend tungumál og bókmenntir og fékk kennsluréttindi.

Michele kennir ítalskt mál og málvísindi og ítalska kvikmyndasögu. Rannsóknir hans lúta að sardínskum bókmenntum, bæði á sardínsku og ítölsku.



ODDNÝ G. SVERRISDÓTTIR

prófessor í þýsku.

Oddný lauk doktorsnámi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu árið 1987 frá Westfälische Wilhelms háskólanum í Münster í Westfalen í Þýskalandi. Áður hafði hún lokið BA-gráðu í þýsku og bókasafnsfræði, auk kennsluréttindanáms frá Háskóla Íslands árið 1980.

Rannsóknasvið hennar er innan samanburðarmálvísinda, einkum á sviði orðtakafræði, svo og þýska sem erlent tungumál á Íslandi og miðlun menningar í ferðaþjónustu. Um þessar mundir vinnur Oddný að rannsókn á notkun orðtaka í þýskum og íslenskum textum og er rannsóknin byggð á rauntextum.



PERNILLE FOLKMANN

lektor í dönsku máli.

Pernille lauk cand.mag.-gráðu í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2009. Rannsóknarsvið hennar eru norræn nútímamál, máltileikun, málkennsla, málstefna og orðræðugreining.



RANDI BENEDIKTE BRODERSEN

lektor í dönsku máli.

Randi lauk cand.mag.-prófi í norrænum tungumálum og bókmenntum með hagnýt málvísindi og þýðingfræði sem aukagrein frá Háskólanum í Amsterdam árið 1988. Hún hefur auk þess lokið rannsóknanámskeiðum á doktorsstigi og námskeiðum í kennslufræði erlendra tungumála og tölfraði.

Rannsóknasvið hennar er nútímadanska, félagsmálvísindi, málleg aðlögun, danskar mállýskur, hreintungustefna, málstefna, aðferðafræði, akademísk ritun og kennsla.



REBEKKA ÞRÁINSDÓTTIR

aðjunkt í rússnesku.

Rebekka lauk meistaraþrófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum með áherslu á bókmenntir frá Ríkisháskólanum í Pétursborg árið 2003 og BA-gráðu í rússnesku frá Háskóla Íslands árið 2001.

